



Móðir getur ekki fætt börnin sín í sumar



„Ég er mannlegur“



ALLT UM BRÚÐKAUP STJARNANNA

28. JÚNÍ 2019 / 26. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

ÓLGA ÍMR



■ Ógnarstjórn, einelti og árásir ■ Rektor vill ekki tjá sig ■ „Þetta var viss hótun“



Neyðarkall útigangsmanna

„ÉG VIL EKKI VERA HÉRNA“



■ Fátt bíður fanga eftir afplánun ■ Mannorðið ónýtt

VIÐ ERUM AÐ ALA UPP AUMINGJA OG ÖRYRKJA

Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

Þú hitar húsbílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Þú færð Webasto húsbílahitarann hjá

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Webasto
Feel the Drive



Síðustu orðin

„Hvaða þýðingu hafa ræður þínar? Ég heimsæki Sarajevo og sprengjum er varpað á mig. Það er svívírdilegt.“

– Franz Ferdinand erkihertogi við borgarstjóra Sarajevo 1914.

Á þessum degi, 28. júní



1838 – Krýning Viktoríu drottningar í Westminster Abbey í London.



1914 – Franz Ferdinand, erkihertogi og ríkisarfari Austurríkis, og kona hans, Sophia, myrt í Sarajevo. Fyrri heimsstyrjöldin hefst.



1919 – Versalasmálingurinn, friðarsáttmáli Bandaríkjamanna og Þjóðverja, undirritaður í Versöllum.



1928 – Louis Armstrong tekur upp 78 upptökur af West End Blues.



2010 – Óskarsverðlaunaleikkonan Sandra Bullock skilur við eiginmann sinn, Jesse James, eftir nærri fimm ára hjónaband.



Við erum með hústökuhús og ég sef þar frekar en hér.

„Það eru allir veikir hérna“ Neyðarkall útígangsmanna ■ Þreyttir á hlutskipti sínu

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Félagarnir Davíð Ingí Þorsteinsson og Steinar Stefánsson hafa verið heimilislausir í fjöldamörg ár og hafa ítrekað þurft að leita á náðir Gistiskýlisins á Lindargötu um næturgistingu. Þeir eru tveir af sístækkandi hópi útígangsmanna í Reykjavík, hópi sem mörg okkar vilja ekki vita af en þurfa þó á aðstoð samfélagsins að halda svo þeir og félagar þeirra geti öðlast von um mannsæmandi líf.

Blaðamaður og ljósmyndari DV fóru og hittu Davíð Inga og Steinar fyrir framan Gistiskýlið. Auk þeirra voru þar nokkrir aðrir félagar þeirra í mjög misjöfnu ástandi og einn þeirra skólaus og í hjólastól. Menn sem væru betur komnir í húsnæði, meðferð eða annarri umsjón, en á götunni.

„Við erum með hústökuhús og ég sef þar frekar en hér. Það er ekki af því að þetta sé svo slæmur staður heldur af því ég vil ekki vera hérna,“ segir Davíð Ingí, en bætir við að hann hafi ekki fengið inni í Gistiskýlinu í tvo mánuði vegna hegðunarvanda.

Þeir eru sammála um að starfsmenn séu góðir og vilji allt fyrir skjólstæðinga sína gera, eða það sem þeim er heimilt að gera samkvæmt lögum og reglum. „Þetta er yndislegt fólk, þau gera allt fyrir okkur,“ segir Steinar. „Þetta er erfitt fyrir starfsfólkið sem er að gera sitt besta, þau fá reglur sem þau vinna eftir, það er líka mannekla hérna. Þeir eru að reyna að gera sitt besta og eru allir af vilja gerðir en starfsreglurnar eru þannig að þeir mega ekki hjálpa okkur meira,“ segir Davíð.

Á götunni í 20 ár

Davíð er búinn að vera á götunni síðan árið 1998 og segist orðinn þreyttur á sínum aðstæðum og vilji komast í húsnæði. „Mig langar bara í húsnæði og vera ég. Ég er 43 ára Vestmannaeyingur, missti móður mína og allt mitt líf og átti erfitt.“

Lokað. Davíð og Steinar stilla sér upp við Inngang Gistiskýlisins.



Davíð kom ásamt fleirum fram í viðtali í Ísland í dag í júní árið 2018. „Tveimur dögum eftir að ég fór í sjónvarpið var ég handtekinn og sendur á Hólmsheiði, þá talaði einhver ráðherrann um að það þyrfti að gera eitthvað. Það voru keyptir 22 skúrar, heyrðu, það hafa tveir skúrar verið lausir allan tímann úti á Granda. Við þurfum að redda þessu. Það er komið heilt ár og ég er ennþá hérna. Ég hef verið stóran hluta af ævi minni í fangelsi fyrir að vera fullur. Veistu hvað ég er búinn að vera í fangelsi lengi? Bara bull, sjö og hálf ár í fangelsi.“

Í sama viðtali í Ísland í dag sagði Þór Gíslason: „Ef einstaklingur hefur engan stað til að fara á nema götuna eftir meðferð eða fangelsisvist má segja að sú fjárfesting sé unnin fyrir gyg sem búið er að setja í varðandi meðferðir.“ Þór hefur verið forstöðumaður í Gistiskýlinu síðan haustið 2017, en hefur áður unnið með utangarðsfólki á einn eða annan hátt í áraradír.

Engin þjónusta er veitt í Gistiskýlinu milli kl. 10 og 16. Karlmenningirnir mæta í röðina fyrir utan kl. 15 og gildir reglan, fyrstir koma fyrstir fá, en 29 manns geta gíst þar í einu. „Við búum í tjaldi og skúr-

um sem við brjótumst inn í, þegar ekki er pláss hér.“

Orðnir þreyttir á hlutskipti sínu

„Það eru allir veikir hérna,“ segir Davíð Ingí og benda þeir Steinar á einn félaga sinn, ungan mann, og segja hann hafa beðið um að fara inn til að sprauta sig en fékk ekki. Notaði hann því poll á götunni til að hreinsa nálina áður en hann sprautaði sig. „Ég hef misst tvo vini mína á síðustu þremur mánuðum. Veistu hvað ég er þreyttur? Ég er bara búinn á því og ég græt af því ég var að missa besta vin minn og fyrir viku missti ég annan vin minn úr heilablóðfalli.“

„Ég vil að fólk hjálpi þessum manni hérna. Ég vil bara húsnæði fyrir þennan mann hérna, húsnæði fyrir þennan og húsnæði fyrir okkur alla,“ segir Davíð og bendir í kringum sig. „Hvað er ég að gera hérna? 20 ár á götunni! Húsnæði er foking málið og ef að Íslendingar geta ekki reddað því núna skilurðu, þá kveiki ég í foking Alþingishúsinu og sit inni fyrir það gláður,“ segir Davíð reiðum rómi.

„Ég er ekki reiður við þig, ég er bara brjálaður,“ bætir hann við við blaðamann DV. „Má ég segja þér

eitt, ég er öryrki og ég var settur á örorku út af óeðlilegum og hættulegum lifnaðarháttum. Ég var á féló, svo var ég á örorku, síðan lenti ég í slysi og er lappalaus, ég er búinn að vera jónker í 27 eða 28 ár, ég er hættur því núna, eða þú veist.

Við erum ákveðið fólk sem erum veik, við drekkum og döpum, en á Íslandi þá megum við bara foking gera það löglega. Þó svo við drekkum, ríkið leyfir okkur að drekka, við megum fara í Ríkið og kaupa áfengi. Síðan fáum við sekt fyrir að drekka á almannaferi og förum svo í fangelsi fyrir það.

Ég er rosalega veikur maður, ég vil að Íslendingar hjálpi okkur foking núna!“ ■

Fyrir mánuðinum birtu Davíð og Steinar ákall á Facebook þar sem þeir óskuðu eftir fötum á sig og félaga sína og skákbörði. Hvernig voru viðtökurnar? „Það er búið að rigna inn svörtum ruslapokum, fólk er búið að taka vel í þetta,“ svarar Steinar brosandí. „Það eru komin sex taflborð,“ bætir Davíð við.

MYNDIR: EYVÖR ÁRNASON/DV



KORANDO

Dregur alla leið



Verð frá:
4.290.000 kr.

SSANGYONG KORANDO

- 178 hestöfl
- 400 Nm
- Dísel vél
- Dráttarbíll ársins 2018*
- Fjór hjóladrif með læsingu
- Ótrúlega rúmgóður
- Frábærir akstureiginleikar
- Fimm ára ábyrgð

*The Caravan and Motorhome Club

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingar.



benni.is

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílaúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Hver er hann?



■ Fæddur á þessum degi á Nesi við Seltjörn á Seltjarnarnesi, lést árið 1927.

■ Faðir hans var dómari.

■ Hann lærði bæði í Kaupmannahöfn og Leipzig og menntaði sig langt umfram það sem þá þekktist á Íslandi.

■ Hann var kennari og tónskáld.

■ Hann samdi Ó, Guð vors lands, sem síðar varð þjóðsöngur Íslendinga.

SVAR: SVENIBÖRN SVEINSSON TÓNSKÁLD

Það er staðreynd að...



Meðalmannskjan sofnar á sjö mínútum.



Íslendingar drekka mest allra þjóða af Coca Cola miðað við höfðatölu.



Elvis Presley lék í einni sjónvarpsauglýsingu.



Mánudir sem hefjast á sunnudegi innihalda föstudaginn þrettánda.



Plastflöskur voru fyrst notaðar undir drykki árið 1970.



„Ég verð að geta gefið börnunum mínum að borða“

Sumarlokun Fjölskylduhjálpar ■ Móðir getur ekki fætt börnin

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ég kem úr fjölskyldu sem stólaði mikni á þessa aðstoð og sömuleiðis þurfti ég mikni á því að halda fyrir þremur árum þegar ég var nýbyrjuð að búa sjálf. Því veit ég hvað þetta er mikilvægt fyrir þá sem þurfa á þessu að halda,“ segir Kristjana Hákonía Hlynisdóttir, en hún hrundi af stað söfnun á vefsíðu Gofundme fyrir Fjölskylduhjálpar Íslands.

Fjölskylduhjálpar Íslands mun verða lokað í júlí og ágúst í sumar og er þetta í fyrsta skipti í sögu samtakanna sem gripið er til sumarlökunar.

„Ég hef verið með mánaðarlegar greiðslur til þeirra síðan ég þurfti ekki lengur á þessari aðstoð að halda en ein manneskja getur bara stutt málefnið svo mikni,“ segir Kristjana í samtali við DV. „Eftir því hvernig ég hef upplifað þetta, þá eru tvær gerðir af fjölskyldum hér á landi. Það eru þær sem þurfa á þessari aðstoð að halda og geta því ekki styrkt þetta málefni, og svo þeir sem hafa alltaf lifað svo vel að þessi málefni ná ekki inn fyrir þeirra sjónarsvið.“

Húsaleigan fer síhækkandi

Í samtali við DV hafði Ásgerður Jóna Flosadóttir ekki heyrt af téðri söfnun. Hún þvertur fyrir að Fjölskylduhjálparin sé að loka fyrir fullt og allt. Staðan sé þó óvenju slæm um þessar mundir þar sem leiguverð hefur snarhækkað.

„Við erum ekkert að fara að loka. Við ætlum að vera í önnur 16 ár til viðbótar. En það er á hreinu að við verðum að vera ábyrgar í fjármálum af því að við

getum ekki leitað í þessa stóru sjóði, öfugt við önnur hjálparstök.“

Fólk þarf að gera sér grein fyrir því að við erum að borga 1.200 þúsund á mánuði í húsaleigu, hér í höfuðborginni og á Reykjanesi. Við það bætist hiti og rafmagn. Það er einfaldlega þannig að þegar við borgum svona mikni í húsaleigu þá getum við ekki leyft okkur að kaupa matvörur í júlí og ágúst, vegna þess að við verðum að standa vaktina í september. Við viljum geta staðið skil á húsaleigu. Þetta er þess vegna algjört neyðarúrræði.“

Ásgerður tekur fram að nytjamarkeðir Fjölskylduhjálparinnar verði áfram opnir í júlí og ágúst. Hún segir marga skjólstæðinga Fjölskylduhjálparinnar örvæntingarfulla vegna sumarlökunarinnar og hafa stofnuninni borist ófá símtöl undanfarið frá fólki í neyð. „Ég er búin að vera í þessu í 25 ár og staðan er alltaf jafn slæm.“

Fjölskylduhjálpin fær eina milljón á ári frá ríkinu og aðra milljón frá borginni. Ásgerður segir frjálts framlög halda starfsemi að mestu leyti uppi.

„Miðað við allan þennan rekstrar-kostnað þá er það í rauninni kraftaverk að það sé búið að halda þessu gangandi í 16 ár. Við stöndum einar og höfum gert það alveg frá upphafi. Hér er sparað við hverja nögl og við þurfum að rýna í hverja einustu krónu. Við þurfum að borga fyrir allt og við skulduum ekki neitt. Ef við hefðum úr milljónum að modða, eins og Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði krossinn, þá væri ástandið ekki svona.“ ■

„Sár og svekkt“

„Ég væri ekki á lífi í dag ef það væri ekki fyrir Fjölskylduhjálparina,“ segir fjögurra barna einstæð móðir á höfuðborgarsvæðinu, en hún hefur reitt sig á matargjafir Fjölskylduhjálparinnar undanfarna mánuði. Konan treysti sér ekki til að koma fram undir nafni en verður hér kölluð Lilja. Lilja er öryrki og einstæð móðir fjögurra barna á aldrinum sex til fimmtán ára.

Hún greiðir 220 þúsund krónur í húsaleigu á mánuði og þá er lítið eftir aflögu.

„Eins og staðan er þá er allur peningurinn búinn um miðjan mánuðinn. Ég hef farið mánaðarlega í Fjölskylduhjálparina í rúmlega hálf töl og fengið þar ómetanlega hjálp, brauð og mat og meira að segja sjampó.“

Lilja segist ekki hafa hugmynd um hvernig hún eigi að geta fætt fjölskylduna á meðan sumarlökuninni stendur.

„Ég veit ekkert hvert ég á að snúa mér annað. Þetta er rosalega erfitt. Það er bara allt svo dýrt í dag. Auðvitað líður manni ekki vel með að þurfa að leita sér hjálpar. En ég verð að geta gefið börnunum mínum að borða. Ég veit ekki hvað ég get gert, kanski reynt að lifa á jógúrt? Maður reynir bara að spara hverja einustu krónu,“ segir Lilja, en hún sá sig tilneydda til að taka yngstu börnin sín tvö úr leikskólanum í síðasta mánuði þar sem leikskólagjöldin kosta sitt.

„Ég er ofboðslega sár og svekkt að það skuli ekki vera hægt að hafa þetta opið. Ég er þakklát fyrir Fjölskylduhjálparina.“



Ég fitna bara þegar ég vil

Það er tvennt sem Svarthöfði er með bráðaofnæmi fyrir í þessu lífi; sólbaði og forræðishyggju. Svarthöfði hefur því eytt bróðurpartinum af þessu vori og sumri í andnaði, með bólgin augu og í hreint út sagt afleitu skapi.

Það var ekki nóg að fylgjast með manni og öðrum rífa sig úr fótunum um leið og fyrstu sólar-glætturnar létu sjá sig heldur þurfti Svarthöfði að umbera hálfnaði, illa lyktandi og óaðlaðandi fólk hvar sem hann kom. Loksins þegar að fallega silfurgráur skýin létu sjá sig með tilheyrandi vætu og melankólískri fegurð dundi annað áfall yfir.

Bévitans forræðishyggjan lét á sér kræla og reis eins og Ketos upp úr sjónum. Allt í einu fannst forræðispesunum sniðugt að setja á sykurskatt, því það hafði virkað svo svakalega vel fyrir nokkrum árum. Svarthöfði er kannski

ekki í besta forminu en þarf enga pólitíkusa til að segja sér að grennast. Svarthöfði grennist bara ef hann nennir. Svarthöfði var líka alinn upp á kandís og kókópöffs og lifir enn ágætislífi.

Svarthöfði sér bara eitt í stöðunni – að hamstra hvers lags lakkrísdrylli, gelatín-gums og súkkulaðisull sem hann finnur og selja á svarta markaðinum. Ekki má gleyma kolsvörtum drykki Guðanna sem Svarthöfði getur alls ekki verið án.

Svarthöfði veltir fyrir sér hvenær fyrrnefndir forræðispesar ætla að fatta að þetta plan þeirra gengur bara alls ekki upp, ekki frekar en borgarlína og ísbjörn í Hús-dýragarðinn. Þegar þú bannar Svarthöfða að gera eitthvað þá streitist hann á móti. Gerir uppreisn. Og í þessu tilfelli – verður spikfeitur. ■



Svarthöfði

UVA

5 stjörnur



ALLT AÐ 6 TÍMA
SÓLARVÖRN



EVY er opinber sólarvörn golflandsliðs Íslands

„Velliðan leikmanna skiptir höfuðmáli því höfum við valið EVY bæði við æfingar og keppni. Í sterkri sól er mikilvægt að vera með sólarvörn sem við getum treyst fullkomlega. Þess vegna er EVY opinber sólarvörn golflandsliðsins“.

Jussi Pikanen landsliðsþjálfari

EVY
TECHNOLOGY



Upplýsingar
og sölustaðir
www.evy.is



BITLAUS STJÓRNARANDSTAÐA Í SKUGGA TÆPS MEIRIHLUTA

■ Horft yfir þingveturinn ■ Ríkisstjórnin siglir lygnan sjó

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Heilt yfir finnst mér ágæt samstaða í ríkisstjórn. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að vera ósammála í ýmsu. Sjálfstæðisflokkur hefur þurft að gefa eftir varðandi einkaframtök í heilbrigðisgeiranum og Vinstri græn hafa þurft að gefa eftir þegar kemur að afstöðu til NATO og slíks. Gagnrýni frá hægri á Sjálfstæðisflokkinn er að hann sé alltof eftirgefanlegur þegar kemur að ríkisútgjöldum og sköttum. Það er prísinn fyrir að vera í ríkisstjórn en mér finnst þessar málemiðlanir hafa gengið ágætlega hingað til," segir Stefánía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræðideild við Háskóla Íslands.

Óvenju löngum þingvetri er nú lokið þar sem heildarlengd þingfunda fór í rétt rúmlega 865 klukkustundir. Leita þarf aftur til hrunáranna, 2009 til 2010, til að finna lengri heildarlengd þingfunda, en þá voru þeir 886 klukkustundir. Stefánía telur ríkisstjórnina standa sterka en vegna tæps meirihluta stjórnarinnar verði stjórnarandstöðuflokkarnir, fyrir utan Miðflokkinn, bitlausir.

„Mér finnst ríkisstjórnin hafa siglt tiltölulega lygnan sjó og náð að halda dambi. Ríkisstjórnarflokkarnir halda nokkuð vel í kjörfylgi í skoðanakönnunum og það hefur ekki staðið mikill styr um ráðherra í ríkisstjórn, fyrir utan Sigríði Andersen sem neyddist til að segja af sér," segir Stefánía og vísar þar í ráðningar dómara við Landsrétt sem Mannréttindadómstóll Evrópu taldi brjóta gegn 6. grein Mannréttindasáttmálans. „Hún virtist segja af sér vegna þrýstings frá Katrínu Jakobsdóttur og Bjarna Benediktssyni. Málið er dautt í bili en það á svo eftir að koma í ljós hvort Sigríður kemur aftur inn í ríkisstjórn. Það er ekkert loku fyrir það skotið að Sigríður komi aftur og verði jafnvel ráðherra í öðru ráðuneyti.“

Purfa að finna sína fjöl

Stefánía segir að stjórnarandstaðan sé að vissu leyti í basli vegna tæps meirihluta ríkisstjórnarinnar.

„Það liggur í hlutarins eðli að ríkisstjórn með tæpan meirihluta og sem nær yfir hægri til vinstri, að það byggir allt á málamiðlunum og slík ríkisstjórn er ekki líkleg til að hrinda í framkvæmd mjög umdeildum stefnumálum.

Stjórnarandstaðan verður þá bitlausari. Stjórnarandstaðan er í basli með að finna sína fjöl, fyrir utan Miðflokkinn í þessu orkupakkamáli, enda hefur ekki verið fljúgandi sigling á stjórnarandstöðuflokkunum í skoðanakönnunum. Það er ekki gefið að stjórnarandstöðunni gefist mikið færi á að ná flugi. Miðflokkurinn hefur verið í fókusi út af andstöðunni við orkupakkann. Á móti kemur að flokkurinn var í miklum fókusi fyrir jól í Klausturmálinu. Þá héldu sumir að þessi flokkur væri búinn



Stefánía Óskarsdóttir.

„Þetta skapar nýja stöðu fyrir Sjálfstæðisflokkinn hvað varðar miðjufylgi og frjálslýnt fylgi.

að vera, en það mál hefur fallið í skuggann á þessari hörðu stjórnarandstöðu sem hefur verið haldið uppi í þinginu.“

„Ef samdráttur heldur áfram fer gamanið að kárna“

Eitt af stóru málunum sem blöstu við ríkisstjórninni var að ná góðum kjarasamningum svo átök á vinnumarkaði myndu ekki blossa upp. Það náðist með lífskjarasamningnum svokallaða. Enn standa eftir samningar við opinbera starfsmenn og ekki alveg í hendi að þeir samningar takist jafn vel. Það sé þó eitt af stærri málunum sem taka við eftir sumarfrí þingmanna, að mati Stefáníu, sem og jafnvægi í þjóðarbúskapnum og að halda verðbólgu og atvinnuleysi í skefjum. „Ef samdráttur heldur áfram fer gamanið að kárna," segir Stefánía. Aðspurð hvort þetta séu sérstaklega spennandi tímar í pólitík segir hún það í raun bæði og.

„Það er ágætt að fá tímabil þar sem allt er ekki í brjálæðislegum látum. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi þannig að maður veit aldrei hvenær allt verður brjálæð. Ég er ekki örugg með stöðugleikann, sérstaklega ekki í ljósi þess hvernig pólitíkin hefur verið síðustu tíu árin. En það er ákveðin ró um mál sem mér persónulega líkar.“ ■



Sigríður Andersen

Sóknarfæri fyrir Sjálfstæðisflokk

Mikið hefur verið rætt um ólgu innan Sjálfstæðisflokksins vegna þriðja orkupakkans og að Miðflokkurinn hafi náð að fresta afgreiðslu málsins þar til eftir sumarfrí. Stefánía telur allar líkur á því að málið verði afgreitt strax eftir sumarfrí, enda því gefinn takmarkaður tími á dagskrá þingsins. Hún telur ekki ljóst hvort málið dragi dilk á eftir sér þegar litíð er

til vinsælda Sjálfstæðisflokksins. „Það getur orðið til þess að stuðningur Sjálfstæðisflokks færist á Miðflokkinn, en ég gæti jafnvel átt von á því að það hafi þegar gerst, líkt og við sáum í kosningunum árið 2017. Þetta skapar nýja stöðu fyrir Sjálfstæðisflokkinn hvað varðar miðjufylgi og frjálslýnt fylgi. Þannig að það eru kostir og gallar í þessari stöðu.“



Miðflokksmenn í miðju málþófi.

Málþófið mikilvægt vopn

Törrætt hefur verið um að breyta þingsköpum til að takmarka tíma þingmanna í ræðustóli til að koma í veg fyrir málþóf, líkt og það sem skapaðist í kringum orkupakkann. Stefánía telur lítlar líkur á að þeim reglum verði breytt á næstunni. „Þessi aðferð, að beita mál-

þófi, skilar ákveðnum árangri fyrir stjórnarandstöðuflokkana. Það er alveg augljóst. Allir flokkar á þingi hafa einhvern tímann verið í stjórnarandstöðu og notað þetta vopn til að hafa áhrif á lok þingstarfa. Þeir eru því ragir við að breyta þingsköpum og ræðutíma nema um það sé sátt. Þetta byggir allt á einhvers konar málamiðlun á milli stjórnarmeirihluta og -minnihluta. Það er möguleiki að festa í sessi ákvæði í stjórnarskrá um að tiltekinn fjöldi kjósenda eða tiltekinn fjöldi þingmanna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekki auðvelt að breyta þessu og hangir að einhverju leyti saman við breytingar á stjórnarskrá.“



Katrín Jakobsdóttir

Þingvetur í tölum

Þingið var að störfum frá 11. september til 14. desember 2018 og frá 21. janúar til 20. júní 2019.

Þingfundardagar:	113
Fjöldi þingfunda:	129
Heildarlengd þingfunda:	865 klst.
Meðallengd þingfunda:	6 klst. og 42 mín.
Lengsti þingfundurinn:	24 klst. og 16 mín.
Lengsta umræðan:	138 klst. um þriðja orkupakkann
Af 262 frumvörpum urðu 120 að lögum.	
Af 151 þingsályktunartillögum voru 47 samþykktar.	

dk Pos afgreiðslukerfi fyrir verslun og þjónustu
Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi



dk
hugbúnaður

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri
510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is
dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018

Hafið samband við okkur og fáiið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.

**ALLAR ALMENNAR SMÍÐAR
FAGMENNSKA OG LIPURÐ**

SAM SMÍÐA

HÚSA - OG HÚSGAGNASMÍÐIR



770 6033



www.samsmida.is
samsmida@samsmida.is

Áttu griðastað þar sem sólin skín?
PALLASMÍÐI ER OKKAR FAG

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, girolía og sjálfskiptivökvi

SVO ALLT GANGI SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

ÁSAKANIR UM ÓG

■ Meintir eineltisgerendur látnir meta samskiptahæfni kennarans ■ Segir unga

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Ég vil vekja athygli á því hvernig staðið var að þessum hóp- uppsögnum í vor. Það má segja að ég komi fram fyrir hönd þeirra sem sagt var upp í vor á, að mínu mati, afar ófaglegan hátt," segir Sigríður Helga Sverrisdóttir, fyrrverandi kennari við Menntaskólann í Reykjavík, MR.

Nokkuð hefur verið fjallað um starfsanda í MR undanfarið í fjölmíðlum þar sem uppi hafa verið ásakanir um ómálefnalegar aðferðir við uppsagnir kennara, meintan slæman starfsanda í skólanum og meint einelti. Þær Sigríður Helga Sverrisdóttir og Linda Rós Michaelsdóttir hafa þar báðar stigið fram fyrir skjöldu og Elísabet Siemsen, rektor skólans frá því haustið 2017, hefur svarað fyrir hönd skólans, en henni vitanlega viðgengst ekki einelti í skólanum og telur hún að faglega hafi verið staðið að fækkun kennara í kjölfar niðurskurðar sem varð vegna styttingar framhaldsskólanáms úr fjórum árum í þrjú. Bæði Sigríður Helga og Linda Rós segjast hafa orðið fyrir einelti meðal nokkurra kennara og stjórnenda skólans án þess þó að þær vilji gera þá reynslu að aðalefni umkvartana sinna. Frá þeirra sjónarhóli er fjandskapurinn og einelti bundið við hluta kennara í enskudeild skólans og örfárra annarra, sem og stjórnendur hans.

Sigríður Helga og Linda Rós stíga nú fram að nýju og fara betur yfir málið í viðtali við DV og er saga Sigríðar Helgu þar í forgrunni. Þær telja báðar að stjórnendur skólans hafi lagað að eigin þörfum mælikvarða sem eiga að vera hlutlægir, við að meta hæfni kennara við skólann. „Það er merkilegt að þrjár kennarar sem sagt hefur verið upp eiga það allir sameiginlegt að hafa gagnrýnt starfshætti og stjórnunarhætti rektors," segir Sigríður Helga.

Fram kom í samtali DV við rektor fyrir í vor að skera hefði þurft



(F.v.) Linda Rós Michaelsdóttir og Sigríður Helga Sverrisdóttir.

MYND: EYVÖR ÁRNASON

niður um 260 kennslustundir á viku vegna styttingar framhaldsskólans og niðurskurðarinnar hefði verið mestur í ensku, íslensku og stærðfræði vegna þess að þar eru flestar kennslustundirnar.

„Svona ákvarðanir eru með því erfiðasta sem skólastjórnendur fara í gegnum og ég fullyrði að svona gerir enginn út í loftið. Stjórnandi tekur ekki svona ákvörðun að gamni sínu," segir Elísabet Siemsen, rektor MR, en hún tók við því starfi haustið 2017.

Sigríður Helga og Linda Rós benda á að fjármálaráðuneytið hafi gefið út árið 2011 leiðbeiningar til stjórnenda um uppsagnir ríkisstarfsmanna vegna rekstrarlegra ástæðna og þær sjái ekki að rektor hafi í einu eða neinu haft þessi gögn til hliðsjónar í uppsagnarferlinu.

Meintir eineltisgerendur látnir meta samskiptahæfni kennarans

„Það er verið að nota niðurskurð í kennslu til að fara í hreinsanir og losa sig við þá sem eru ekki þókn-anlegir," sagði Linda Rós við DV fyrir í vor.

Sex fastráðnum kennurum var sagt upp við MR í vor og fimmtán lausráðnir kennarar fengu ekki áframhaldandi starfssamning. Undanfari uppsagnanna var starfshæfismat sem lagt var á alla kennara skólans, í þremur þáttum, þar sem menntun vó 40%, starfsreynsla 30% og aðrir þættir, flestir huglægir, mynda 30%. Þær Sigríður Helga og Linda Rós telja að stjórnendur skólans hafi notað þennan síðasta hluta matsins til að draga niður þá kennara sem þeim er persónulega í nöp við, eða hafa dirfst að gagnrýna stjórnunarhætti

í skólanum, og þessi vinnubrögð geri matið að skrípaleik. Nokkrir undirliðir eru undir þessum þriðja lið, þar á meðal samskipti og samvinnuhæfni. Sigríður Helga bendir á að þar séu kennarar sem hún sakar um einelti látnir leggja mat á samskiptahæfni hennar, auk stjórnenda sem hafi ráðist harkalega að henni.

„Þetta fólk er allt vanhæft til að leggja mat á samvinnuhæfni mína; þarna eru samkennarar úr enskudeildinni sem lögðu mig í einelti og rektor og konrektor sem reyndu að bola mér frá störfum í haust," segir Sigríður Helga en hún kom illa út úr þessum undirlið. Einnig kom hún illa út úr undirlið sem kallast „Viðmót og þjónusta“. Hún telur þar vera um hreinan tilbúning að ræða.

„Við hverja töluðu þau eiginlega þegar þau könnuðu viðmót

mitt og þjónustulund? Ég gæti nefnt marga nemendur og samstarfsmenn sem bera mér vel söguna hvað þetta varðar.“ Enn einn undirliðurinn er kennslumat nemenda en þar segist Sigríður Helga hafa verið í meðallagi. „Ég tel að 16 til 17 ára nemendur hafi varla þroska til að meta hæfni kennara og hef horft upp á hvernig þessar kennslukannanir eru notaðar af sumum nemendum til að kvarta undan kennurum sem þeim þykja vera of strangir," segir Sigríður Helga.

Eineltið hófst með nýjum kennurum

„Ég byrjaði að kenna við skólann árið 2009 en árið 2012 og 2013 komu tveir nýir yngri kennarar til starfa við deildina. Fljótlega tók að bera á andúð og rígr í minn garð frá þeim. Ástandið fór versnandi, ef til



GNARSTJÓRN Í MR

Nemendur nota kennslumat til að ná sér niðri á kennurum

vill vegna þess að því miður lét ég þetta yfir mig ganga of lengi. Þáverandi fagstjóra var kunnugt um ástandið en kaus að gera ekkert í því. Það kom fram í samtali mínu við hann vorið 2017.“

Ad sögn Sigríðar Helgu fólst eineltið meðal annars í rögburði og slúðri, röngum ásökunum um frammistöðu í starfi, vinnuframlag hennar var talað niður, og óréttmæt gagnrýni var viðhöfð í viðurvist annarra. Enn fremur fólst eineltið í hunsun og útilokun frá ferðum deildarinnar, sumum samkvæmum og ýmsu öðru sem kennararnir gerðu sameiginlega. Segir Sigríður Helga að nokkrir kennarar hafi myndað klíku sem var henni mjög andsnúin.

„Mín mistök voru þau að fara ekki með þetta til fyrrverandi rektors. Ég þraukaði áfram og vonaði alltaf að ástandið myndi lagast. Svo er það þessi þolendaskömm, maður skammast sín og reynir að láta eins og ekkert sé, vill ekki viðurkenna þetta. Já, ég reyndi of lengi að umbera ástandið.“

Vorið 2017 var mér hins vegar nóg boðið þegar ég frétti að einn af yngri kennurum væri orðinn fagstjóri. Þar fannst mér framhjá mér gengið. Það hafði aldrei verið rætt um það í mín eyru að fyrrverandi fagstjóri hygðist hætta sem fagstjóri þannig að það hvarflaði ekki að mér að sækja um.“ Sigríður Helga segir dæmigert fyrir ástandið og viðmótið gagnvart henni að hún skyldi ekki hafa fengið að vita um þetta.

Í kjölfarið ræddi hún við þáverandi rektor skólans, Yngva Pétursson – sem hún ber vel söguna – og skýrði honum frá eineltinu auk þess sem hún óskaði eftir ársleyfi frá störfum. Þann tíma notaði hún til að kenna við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Þar var hún við störf í einn vetur og kunní afar vel við sig.

Telur fundinn hafa verið vel undirbúna árás

„Ég var alltaf að vona að þetta myndi lagast en ég fann strax þegar ég kom aftur síðastliðið haust að ástandið hafði bara

versnað og ég fann að þetta yrði mjög erfitt fyrir mig,“ segir Sigríður Helga. Nýr rektor hafði tekið við í upphafi skólaársins sem Sigríður kenndi í FÁ, núverandi rektor, Elísabet Siemsen, og Sigríður Helga leitaði til hennar.

„Ég fór á fund rektors 3. september 2018 og rakti henni alla þessa sögu, rakti henni fjölmörg dæmi, hún skrifaði þetta allt samviskusamlega niður og sagðist ætla að ræða við aðra aðila í deildinni. Ég óskaði eftir því að fenginn yrði óháður fagaðili inn til að taka á þessu vandamáli, miklu betra að fá utanaðkomandi aðila til að rannsaka vandamál sem fengið hefur að grassera þetta lengi í skólanum, þar sem ákveðnir gerendur fengu að vaða uppi og höfðu náð miklum ítökum. Rektor var jákvæð og sagðist ætla að ræða málið við hina, sem hún og gerði nema hún talaði aldrei við Lindu Rós.“

Það sem gerist í kjölfarið er að ástandið versnar um allan helling. Þeim í deildinni mislíkaði mjög að ég hefði tjáð mig við rektor, ástandið hafði verið slæmt fyrir en núna var ég alveg úti í kuldanum. Mér var ekki heilsað. Í raun var orðið óvinnufært.“

Ýkjur og útúrnsúningur

Nokkrum vikum síðar hafði Sigríður Helga aftur samband við rektor og spurði hvort hún ætlaði að afhafast eitthvað. Í kjölfar þess segir hún að ástandið hafi lagast örlítið. En þann 12. nóvember 2018 féll stóra bomban:

„Þann 12. nóvember var ég kölluð með nokkurra klukkustunda fyrirvara á fund rektors. Ég vissi ekki erindið og hafði ekki tíma til að kalla til trúnaðarmann, vissi reyndar ekki hvort þörf væri á því, en ég var við kennslu þegar ég fékk fundarboðið.“

Svo mæti ég til fundarins og þarna er konrektor auk rektors. Er mér sagt að umræðuefnið séu kvartanir frá nemendum en þau hafi fengið fjölda kvartana. Ég kom gjörsamlega af fjöllum og spyrr hvaða kvartanir þetta séu. Rektor fer þá að lesa upp af blöðum hjá

sér, tíunda ásakanir sem í mínum eyrum voru að mestu leyti stórkostlegar ýkjur eða útúrnsúningar, sumt algjör uppspuni, en einstaka umkvörtun átti sér einhverja stöð sem ég reyndi að svara fyrir. Ég fékk ekki að vita hvað þetta væru margir nemendur en rektor lagði áherslu á að þetta væru alvarlegar ásakanir og gerði mikið úr þessu.“ Engu að síðu hafði rektor á þessari stundu ekkert afhafst í að sannreyna þessar ásakanir.

Er DV innir Sigríði Helgu eftir því í hverju þessar ásakanir hafi verið fölgnað segir hún:

„Ég átti að vera svo ströng, það má ekki vera strangur við nemendur og það má ekki lengur gera kröfur til nemenda. Sumir þeirra taka því illa. Það hefur sigið á ógæfuhliðina í þessum efnunum á síðustu þremur árum og tengist það líklega styttingu framhaldsskólans. Í MR hefur það tíðkast að nemendur séu látnir læra heima. Ég uppgötvaði fljótt eftir að skólinn hófst þetta haust að nemendur á fyrsta ári töldu sig ekki þurfa að læra heima því nú útskrifast fjöldi nemenda úr grunnskóla án þess að hafa nokkurn tíma vanist heimanámi. Það tók mig um tvo mánuði að venja þau á heimanám. Ég notaði tímana til að fara með þeim yfir námsefnið og leyfði nemendum að gera skil á vinnu sinni. Þetta er eitthvað sem hefur tíðkast í MR en nú mátti þetta ekki lengur. Sumir nemendur voru ekki sáttir við þetta fyrir-

komulag, ef til vill vegna þess að þeir höfðu ekki lært heima. Í stað þess að líta í eigin barm fara þeir að kvarta undan þessu og rektor virðist hafa tekið gagnrýnislaut við kvörtunum. Ég spyrr mig einnig að því hvornig þessar kvartanir eru til komnar þar sem þær virtust aðallega berast frá tveimur bekkjum af fimm sem ég kenndi.“

Stíllt upp við vegg

Sigríði Helgu þykir fráleitt að henni hafi ekki verið gefinn kostur á að hafa trúnaðarmann með sér á svo fjandsamlegum fundi sem þessi fundur var, því hún hafði engin vitni um það sem fram fór á fundinum. Auk þess hafi hún ekkert vitað um efni fundarsins á meðan rektor og konrektor voru „þrælundirbúin, með gögn uppi á borðum og konrektor klár í slaginn með upplagnar ásakanir og rögburð sem hann hafði hlustað eftir.“

„Á þessum fundi var mér stíllt upp við vegg og mér boðnir tveir kostir. Annar var sá að þiggja starflokasamning en hinn að ég fengi áminningu. Rektor tók sérstaklega fram að ef ég fengi áminningu yrði erfitt fyrir mig að fá vinnu við kennslu annars staðar. Þetta var viss hótun. Ég neitaði hins vegar að skrifa undir starflok, enda taldi ég á engan hátt rétt staðið að málum hér.“

Konrektor hellti sér einnig yfir mig á fundinum með ótrúlegum svírðingum, úthúðaði mér og kallaði mig öllum illum nöfnum. Þau reyndu að þjarna að mér til að reyna að fá mig til að játa á mig þessar „ásakanir“ og þessi fundur varð að tveggja tíma yfirheyrslu. Ég ein á móti þeim tveimur.“

Annar kennari fór í veikindaleyfi vegna eineltis – kvartað til ráðuneytis

Sigríður Helga telur að slæmur starfsandi ríki í MR en ítrekar þó að 90% af starfsfólkinu sé yndislegt fólk, að hennar mati. Lítil hópur standi fyrir einelti og ógnarstjórnun, örfáir mótmæli þeim tilburðum og stjórnarháttum við skólan og taki afleiðingunum, sem eru útskúfun og eða uppsögn; en flestir þori ekki að tjá sig af ótta um eigin stöðu. Sigríður Helga bendir á að MR hafi hrunið í árlegri starfsánægjukönnun meðal stofnana ríkisins á síðasta ári.

„Í janúar á þessu ári fór þýskukennari í veikindaleyfi vegna eineltis og yfirgangs stjórnenda en Lindu Rós tókst að þrauka fram á vor þrátt fyrir mikinn fjandskap sem hún upplifði,“ segir Sigríður Helga en Linda Rós segist hafa verið látin gjalda þess að hún tók upp hanskann fyrir Sigríði Helgu og lagði til að óháður aðili, helst vinnustaðasálfraeðingur,



MYND: EYÞÓR ÁRNASON



MoReq2

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

yrði fenginn að skólanum til að kanna einelti og uppræta það. Fyrir það segist Linda Rós hafa mátt þola útskýfun deildarinnar og að lokum ótímabær starfslok.

Elísabet Siemsen rektor hefur í fyrri umfjöllun DV um málið bent á að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði svarað kvörtunum kennaranna sem hér eiga í hlut og gefið það álit að ekki hefði átt sér stað einelti í skólanum. Sigríður Helga hefur aðra sögu að segja um þetta:

Eftir að hún hafði sent greinargerð sína til ráðuneytisins voru gögn send til rektors sem fékk andmælarétt. Í vor kom síðan tilkynning frá menntamálaráðuneytinu þar sem ráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, taldi sig vanhæfa til að úrskurða í málinu. Málið fór þaðan til forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur, sem sendi málið til forseta Íslands. Hann skipaði Sigrúð Inga Jóhannsson samgönguráðherra úrskurðaraðila. Álit hans var á þann veg að rektor hefði ekki lagt Sigríði Helgu í einelti:

„En ég var ekki að kvarta undan einelti af hálfu rektors. Í bréfi mínu til menntamálaráðuneytisins gerði ég hins vegar alvarlegar athugasemdir við starfshætti rektors og vildi fá álit ráðuneytisins á því hvort hugsanlega hafi verið brotin á mér stjórnsýslulög. Auk þess kvartaði ég undan einelti í skólanum og að ég treysti ekki stjórnendum skólans til að taka á því,“ segir Sigríður Helga og minnir á að sú hafi jafnframt verið niðurstaða ráðherra, að það sé til staðar samskiptavandi á meðal starfsfólks skólans sem nauðsynlegt sé að bregðast við, án tillits til þess hvort einelti sé í gangi eða ekki. „Ráðuneytið viðurkennir sem sagt að það sé til staðar samskiptavandi í skólanum sem þurfi að taka á.“

Mikil reiði á átakafundi

Frétt á dv.is þann 3. júní um starfslok Lindu Rósar Michaelsdóttur frá MR vakti mikla athygli. Þjóðþekkt fólk steig þá fram og vitnaði um einstakan kennara sem mikill missir væri af. Þess má geta að Linda Rós er komin á eftirlaunaaldur en má lögum samkvæmt kenna í tvö ár til viðbótar. Hún hafði ósk að þess að vera áfram í hlutastarfi en bundinn var endi á starfsferil hennar við skólann í kjölfar þess að hún gagnrýndi meðferðina á Sigríði Helgu og lagði til, eins og Sigríður Helga, að fenginn yrði utanáðkomandi fagaðili til að freista þess að laga samskipti kennara og vinna gegn einelti.

Þegar Sigríður Helga fór í veikindaleyfi eftir 12. nóvember síðast-



MYND: EYDÓR ÁRNASON

„Konrektor hellti sér einnig yfir mig á fundinum með ótrúlegum svívirðingum“

liðinn óskaði Linda Rós eftir fundi með fagstjóra enskudeildar til að ræða stöðuna sem upp var komin. Einhverra hluta vegna vísaði fagstjóri fundarbeiðninni til rektors og boðaði rektor til fundar 22. nóvember síðastliðinn og kom fram að á fundinum yrðu rektor, konrektor, kennslustjóri, fagstjóri enskudeildar og þrír aðrir kennarar enskudeildar auk Lindu Rósar. Samtals sjö manns gegn Lindu Rós. Þegar Linda Rós sá þetta ákvað hún að fá trúnaðarmann til að mæta með sér á fundinn og hann yrði jafnframt ritari fundarins.

Linda Rós segist vera afar fegin að hafa tekið með sér trúnaðarmann og ritara: „Annars væri ég ein til frásagnar um það sem fram fór á þessum fundi.“ Hún sagði að tillaga hennar um að fenginn yrði óháður aðili til að vinna í samskiptavandamálum í skólanum hafi vakið mikla reiði. „Ég ítreka enn og aftur að eini tilgangurinn minn með þessum fundi sem ég óskaði eftir, var að fara fram á að óháður fagaðili yrði fenginn að skólanum til að vinna í þessum samskiptamálum. Ég er ekki sérfræðingur í einelti og þá síður rektor. En þessu var mjög illa tekið. Konrektor missti stjórn á sér, fagstjóri enskudeildar missti stjórn á sér. Þegar ég benti á að nú þegar væri einn kennari kominn í veikindaleyfi vegna samskiptaerfiðleika barði rektor í borðið, byrsti sig og sagði að hún hefði ekki leyfi til að ræða mál einstakra kennara.“

Algjört frost

Eftir fundinn segist Linda Rós hafa mætt algjöru frosti í samskiptum við stjórnendur skólans og samkennara í enskudeild. Hún fullyrðir einnig, líkt og Sigríður Helga, að við hæfnismatið sem lagt var til grundvallar þegar teknar voru ákvarðanir um fækkun kennara, hafi stjórnendur leikið sér með huglægu þættina til að draga matið á henni eins lágt niður og hægt var, enda stendur hún ákafllega sterk að vígi hvað snertir menntun, starfsreynslu, ástundun og kennslukannanir. Þess má geta að auk kennslunnar hefur Linda Rós sinnt stjórnunarstörfum við skólann þar sem hún var starfandi rektor í eitt ár og starfandi konrektor í eitt ár.

Í rökstuðningi rektors og konrektors um Lindu Rós segir: „Starfsmaðurinn raðaðist næst lægst í hæfnismatinu. Þeir þættir í matskennendum hluta sem að mestu ráða niðurstöðum um röðun starfsmannsins byggja á því að samstarf starfsmannsins við aðra kennara deildarinnar hefur gengið afar illa um nokkurt skeið og hafa samstarfsmennar kvartað yfir starfsmanninum og sagst vera hrædd við starfsmanninn.“

„Ég get ekki séð neitt faglegt við þessi rök og í raun tel ég þau kjánaleg. Ég tel alveg fráleitt að starfsfólk í deildinni, hávaxið, heilsuhraust fólk á fertugs- og fimmtugsaldri, sem auk þess hefur sýnt mér fullkominn fjandskap frá 22. nóvember, skuli hafa mest um það að segja að mér sé sagt upp af því þau séu hrædd við mig, 67 ára gamla konu.“

„Mér þykir fáránlegt að þetta fólk sem hafði verið að leggja Sigríði Helgu í einelti skuli vera sama fólk og leggur nafn sitt við rökstuðning um hæfnismat okkar beggja,“ segir Linda Rós.

Sigríður Helga bætir við einu atriði sem hún telur virkilegt umhugsunarefni:

„Fimm starfsmenn, sem sagt var upp í vor, hafa leitað til Kennarasambands Íslands til að fá ráðgjöf og óska eftir aðstoð lögfræðings félagsins. Þegar við leituðum til Félags framhaldsskólakennara (FF) eftir uppsagnirnar neitaði formaður FF, Guðríður Eldey Arnardóttir, okkur um aðgang að lögfræðingi félagsins. Formaðurinn hélt því jafnframt fram að að rektor stæði í fullum rétti til að segja okkur upp og sá ekkert athugasemdir við þessar uppsagnir. Síðan hefur komið ljós að formaður FF var einmitt einn af umsækjendum um konrektorsstöðuna í MR sem auglýst var laus til umsóknar nú í vor. Og ekki batnar það að rektor hefur ekki orðið við beiðni um að gefa upp nöfn umsækjenda um konrektorsstöðuna. Hún lét nægja að senda út tilkynningu þegar búid var að ráða í stöðuna.“



Elísabet Siemsen. Mynd af vef MR

Undirskriftasöfnun hafin

Maður að nafni Einar Björns-son hefur hafið undirskriftasöfnun á vefnum Change.org þar sem þrýst er á skólastjórnendur að ráða Lindu Rós aftur til starfa. Segir Einar að ekki hafi verið staðið að uppsögn hennar með sóma og telur hana einn besta kennara sem hann hefur haft.

„Ég myndi helst vilja að hún yrði endurráðin sem fyrst þar sem hún er einn besti kennari sem ég hef nokkurn tímann haft. Ég hef aldrei talað við neinn sem hefur sagst hafa eitthvað á móti henni, en hins vegar þá hef ég talað við fólk sem hefur sagt mér að Linda hafi hjálpað þeim ótrúlega mikið námslega, hún er þekkt fyrir það að vera ströng en þrátt fyrir það afar ljúf og yfir höfuð æðislegur kennari,“ skrifar Einar við undirskriftalistann.

Rektor vill ekki tjá sig frekar um málið

Elísabet Siemsen er 64 ára gömul og hefur starfað sem rektor MR frá því í ágúst 2017. Elísabet neitaði að tjá sig um málið er DV hafði samband að þessu sinni. Í fyrri fréttum DV um málefni MR hefur hún sagt að henni vitanlega eigi sér ekki stað einelti við skólann en hún hafi starfað stutt og hafi ekki endilega fulla yfirsýn yfir samskipti. Einnig hefur Elísabet bent á að ráðuneytið hafi úrskurðað að einelti hafi ekki átt sér stað í máli Sigríðar Helgu Sverrisdóttur. En Sigríður Helga bendir á að í því álit sé eingöngu sagt að rektor hafi ekki beitt Sigríði Helgu einelti – nokkuð sem hún hafi ekki spurt eftir. Enn fremur hafi komið fram í álit ráðuneytinu að samskiptavandi sé til staðar innan MR. Elísabet hefur einnig tjáð DV við fyrri tækifæri að farið verði yfir samskiptamál í MR með faglegum hætti næsta haust.



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá 58.500 kr.

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

REYKJAVIK
RAINCOATS

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
10-40%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177



EINSKISVERT LÍF EFTIR AFPLÁNUN

- Lítið um starfsþjálfun og verknám í fangelsum landsins og fá störf í boði
- Fyrirverandi fangar fá á sig stimpil og eiga erfitt með að fá vinnu og húsnæði

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Við gætum verið að framleiða smíði, múrara, málara, bakara, þjóna og kokka en við erum í staðinn að framleiða bara öryrkja og aumingja," segir íslenskur karlmaður sem afplánað hefur dóm í fangelsi hér á landi.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum Höllu Maríu Halldórsdóttur, sem skrifaði lokaritgerð til MA- gráðu í náms- og starfsráðgjöf um starfsþjálfun í afplánun sem betrun.

Halla María kannaði framboð

starfstengdra úrræða í afplánun og reynslu fanga af þeim og ræddi meðal annars við fimm fyrirverandi fanga um upplifun þeirra á þeim hindrunum eða stuðningi sem biðu þeirra eftir afplánun.

Á meðal þess sem fram kemur í niðurstöðum rannsóknarinnar er að framboð starfstengdra úrræða í afplánun þykir ekki nægjanlegt og skortir töluvert upp á starfsþjálfun og verknám inni í fangelsunum. Þegar fyrirverandi fangar koma út í samfélagið horfast þeir gjarnan í augu við félagslega einangrun og fordóma; eiga erfitt með að fá leiguhúsnæði og vinnu og stór hluti endar á örorku.

Fjarnám reynist mörgum erfitt

Allir nema einn af fyrirverandi föngunum fimm fóru í nám meðan á afplánun stóð: einn lauk háskólanámi og er núna í meistaranámi. Hinir þrjú tóku hluta af framhaldsskóla, einn fór í háskólanám en kláraði það ekki. Flestir þeirra tala um að erfitt sé að vera í námi eftir langan tíma og þeir fá litla aðstoð og utanumhald. Þeim þykir ekki nógu mikið úrval í boði en það sem hefði hjálpað þeim mest hefði verið ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa fangelsanna. Einn úr hópnum segir fjarnámið erfitt fyrir marga:

„Flestir gefast upp á náminu,



ef þú ert í fjarnámi eða sko ef þú ætlar að komast eitthvað áfram í námi þá þarftu að fara í fjarnám og í flestum fangelsum er rosa lokað Internetið, þú færð svo stuttan tíma á Internetinu og þegar þú loksins kemst á Internetið þá eru svo margar síður sem þú kemst ekki inn á þannig að þú nærð aldrei upplýsingaöflun. [...] í fyrri afplánun lærði ég ekki neitt, fór í eitt og eitt fag í skólanum þarna. En ég var ekki með hugann í þessu að læra og það var bara kúl að fara í fangelsi á þessum tíma og þá lærði maður ekki neitt. Þá var maður bara í neyslu.“

Vinna af skornum skammti

Viðmælendur Höllu höfðu allir fyrir utan einn unnið eitthvað meðan á afplánun stóð. Allir eru þeir sammála um að lítið sé í boði inni í fangelsunum og að leggja þurfi meiri áherslu á starfsþjálfun. Þá eru þeir allir sammála um að það skipti miklu máli að hafa eitthvað fyrir stafni í afplánun, finna tilgang í einhverju og það skipti máli heilsufarslega séð að vera betur undirbúinn fyrir aðlögun að samfélaginu.

Einn úr hópnum segir vinnu vera af skornum skammti innan fangelsanna og mismunandi hverjir séu valdir til vinnu eða vilja vinna.

„Vandinn í fangelsunum er sá að það eru rosa fá störf í boði og þeir sem eru sterkari eða hvað

á að segja, eru ekki eins veikir á svellinu, þeir eru líklegri til að koma sér í vinnu og hafa áhrif á það, þeir veljast örugglega frekar til vinnunnar af því þeir hafa líkamlegt atgervi, hugarfar og annað til þess að gera kröfur um það að fá vinnu.“

Fordómar í samfélaginu

En hvað tekur við eftir afplánun? Mennirnir fimm sem rætt var við nefna allir að almennt geti verið erfitt fyrir fanga að koma aftur út í samfélagið og það sé erfiðara fyrir fyrirverandi fanga að fá vinnu. Fordómar geta verið ein af hindrununum þegar kemur að því að aðlagast samfélaginu á ný. Fram kemur að lítið sé um úrræði eftir afplánun, en eina úrræðið sem snýr heildstætt að föngum er verkefni Rauða krossins. Eftir að afplánun lýkur þurfa fangar töluverða aðstoð til að koma sér á réttan kjöl í samfélaginu.

Einn mannanna nefnir meðal annars að oft sé ekki hægt að veita fyrirverandi föngum viðeigandi úrræði af því þeir falla á milli í kerfinu. Nefna má sem dæmi að þeir komast ekki í raunfærnimat af því fæstir borga í lífeyrisjóð meðan á afplánun stendur. Margir hafa unnið svarta vinnu áður en afplánun hefst, réttindi eru því ekki mikil hjá þessum hópi þegar líður að lokum afplánunar.

En það er ekki bara í tengslum

nettoline



Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins



Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is
Mán.-Fös. 09-17

Enda mjög fljótt á örorku og verða bara öryrkjar til lífstíðar.

við lífeyrissjóði og réttindi sem hópurnir fellur á milli kerfa, það getur líka verið tengt námi, eins og einn úr hópnum nefnir:

„Ég hefði alveg viljað halda áfram í háskólanámi en málið er það að fangar geta ekki stundað nám eftir fangelsi, það er vegna þess að nafnið þeirra er ekki í lagi, fá ekki námslán og fá ekki fjárstuðning hjá sveitarfélaginu vegna þess að þeir eru í námslánshæfu námi, skilurðu? Þannig að þeir eru þarna mitt á milli og geta ekki gert neitt, þeir þurfa að borga leigu og allt þetta þannig að þeir geta þetta ekki og fara bara að vinna.“

Öryrkjar til lífstíðar

Einn úr hópnum segist vita um fjölmörg dæmi þess að fangar eigi erfitt með að finna atvinnu eftir að þeir hafa lokið afplánun í fangelsi:

„Þeir geta verið í mörg ár að reyna að fá vinnu og enda mjög fljótt á örorku og verða bara öryrkjar til lífstíðar og ná sér aldrei,“ segir hann og bætir við á öðrum stað: „Þeir eru í endalausum áföllum og flestir fangar fara bara á félagslega þjónustu eftir afplánun.“

Annar úr hópnum lýsir því hvernig fyrirverandi fangar eiga gjarnan erfitt með að feta sig áfram á leigumarkaðnum.

„Við vitum svo sem að það er húsnæðisvandí almennt í samfélaginu, mjög erfitt að fá húsnæði og ef þú ættir að velja á milli þá tekurðu kannski frekar þann sem hefur ekki setið inni, skilurðu, það er bara þannig því miður.“

Flestir mannanna kvarta yfir ákveðnu öryggisleysi og litlum upplýsingum varðandi það hvað gæti mögulega tekið við eftir afplánun.

„Maður fær bara engar upplýsingar, maður sest ekkert niður með einhverjum þar sem er farið yfir ferilinn manns og hvað tekur við, það er bara tekið í hnakkann á þér og skófar í rassgatið og haltu bara áfram.“

Þá kemur fram að margir fangar glíma við félagsfærni og félagslega einangrun þegar út er komið. Það getur reynst yfirþyrmandi að koma úr fangelsi og gera tilraun til að aðlagast samfélaginu á ný.

„Vandamálið er líka það sem gerist þegar þú ferð í fangelsi, þú þarft í rauninni bara að vera í nokkra mánuði til að þetta gerist og hvað þá þeir sem eru búnir að vera í tíu ár. Þeir verða félagslega bældir og ég fer ekki í Kringluna eða bíó nema ég sé bara neyddur til þess. Margir hverjir fara bara úr fangaklefanum og leigja eitt-hvað herbergi og eru bara þar, skilurðu. Fara voða lítið út nema bara á kvöldin og eitthvað svona, þannig að menn verða svona félagslega bældir og það er bara, getur tekið mörg ár að vinna sig úr því,“ segir einn fyrirverandi fangi og bætir við:

„Þetta er líka hluti af þessari örorku sem menn fara á, eiga erfitt með að fá vinnu, geta bara ekki, eiga erfitt með að vinna með fólki. Þeim finnst allir vera að horfa á sig, tala um sig eða verða fyrir einelti eða eitthvað, skilurðu. Þannig að það er ekki auðvelt að fara út. Þannig að þetta hamlar þeim að gera hvað sem er í raun og veru, sækja um hvað sem, meira að segja að sækja um örorku, það eru margir sem ná aldrei að sækja um örorku eða bara leitast eftir aðstoð.“

Lítið traust til Fangelsismálastofnunar

Viðmælendur rannsóknarinnar eru sammála um að samféllan í kerfinu sé ekki nægjanleg, það vanti meira samstarf og þverfaglega nálgun. Þá eru þeir sammála um það að sveitarfélögin þyrftu að koma meira inn í fangelsismálin og þá sérstaklega ferlið eftir afplánun. Þá þykir töluvert vanta upp á upplýsingaflæði almennt til fanga um þeirra mál innan kerfisins. Kerfið virkar flókið og fyrir fanga virðist Fangelsismálastofnun vera hindrun og lítið traust er



Ég vann sem fangavörður í Hegningarhúsinu þrjú sumur árin 2004-2006 og þá vaknaði áhugi minn á betrun í afplánun og hvað tekur við eftir afplánun,“ segir Halla María í samtali við DV. „Þegar ég byrjaði í meistaranáminu í náms- og starfsráðgjöf fannst mér áhuga-vert að skoða þetta með áherslu á starfstengd úrræði í afplánun, aðlögun að samfélaginu eftir afplánun, hvaða hindranir geta mögulega beðið og starfsþróun fyrrum fanga. Mér fannst einnig mikilvægt að skoða hvernig náms- og starfsráðgjafar koma að þessu.“

Hún segir það hafa gengið vonum frammar að fá viðmælendur í tengslum við rannsóknina. „Þeim fannst þetta öllum mikilvægt og vildu gjarnan ræða um þessi mál og miðla af reynslu sinni.“

Halla segir það hafa komið mest á óvart hversu lítið bíður fyrrum fanga eftir afplánun.

„Ekkert heildstætt kerfi hefur verið til staðar sem hjálpar fyrrum fongum. Rauði Krossinn byrjaði með verkefni í september 2018 sem heitir Félagsvinnir eftir afplánun en annað er ekki í boði. Annað sem kom helst á óvart í niðurstöðum rannsóknarinnar er hversu far-

sælega viðmælendur hafa komið sér út í samfélagið að nýju. Flestir viðmælendur áttu sameiginlega áfallasögu, áföll í uppveitinum.

Hægt er að álykta sem svo að áfallasaga þeirra hafi haft áhrif á afbrotaferil þeirra. Það sem er sérstakt við þennan hóp er að þeir hafa allir stigið upp úr sínum afbrotaferli og komið lífi sínu á beinu brautina. Þar má þakka góðu baklandi, félagslegum tengslum og vinveittum vinnuveitendum. Einnig hafði mikil að segja að þeir nýttu sér þau starfstengdu úrræði sem voru í boði í afplánun. Viðtöl fyrrum fanga við náms- og starfsráðgjafa höfðu hjálpað þeim, komið þeim meðal annars af stað í nám og aðstoðað við það sem beðið eftir afplánun.“

Halla María segir niðurstöðurnar hafa sýnt að leggja þurfi meira fjármagn og vilja til að koma starfsþjálfun og verknámi inn í fangelsin, það séu aðal lyklarnir í betrun. „Starfstengd úrræði eru ekki næg og fagaðilar sem rætt var við voru líka sammála því. Það er nauðsynlegt að geta nýtt tímann til góðs, það er heilsufarslega betra og hjálpar til við aðlögun að lokinni afplánun.“



borið til hennar.

Halla María segist vona að stjórnvöld og sveitarfélög taki við sér og komi til móts við þá þörf sem er á sérhæfðri aðstoð eftir afplánun. Margt gott sé unnið í fangelsismálum á Íslandi og ekki megi gleyma að líta á það jákvæða og góða starf sem þar er

unnið en mikilvægt sé að efla ýmislegt í starfsemi til að auka líkur á betrun fanga.

„Hins vegar liggur ábyrgðin ekki síður hjá þeim sem taka við þessum einstaklingum úti í samfélaginu og það þarf að líta á ferli fanga í afplánun og að henni lokinni sem eina heild.“

Þegar lítið er til framtíðar virðist vera sem samfélagið sé að taka við sér í þessum málefnum og átta sig á hversu þjóðfélagslega hagkvæmt og mikilvægt það er að aðlaga fanga farsælega að samfélaginu. ■

„Hvorki fugl né fiskur“

Ég tel að mikilvægt sé að greina þarfar skjólstaðingahóps Fangelsismálastofnunar, skipuleggja námsframboð í fangelsum landsins í samræmi við það, kostnaðarmeta og koma í framkvæmd. Ég veit að til stendur að skoða þessi mál efni en mér er ekki kunnugt um hvenær búast má við niðurstöðu,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, í samtali við DV.

Guðmundur Ingi Þóróddsson, formaður Afstöðu, tekur heilsuhugar undir gagnrýni fyrirverandi fanga varðandi náms- og starfsframboð í íslenskum fangelsum.

„Nám í fangelsum landsins er hvorki fugl né fiskur og dregið hefur verulega úr því að fangar geti stundað nám, sem er gífurlega alvarleg mistök Ekkert verknám er í boði og bóklegt nám er af skornum skammti þar sem einstaklingarnir komast aldrei áfram í námi.“

Aðeins fjórar grunngreinar eru kenndar og þá er ég bara að



tala um fangelsin á Suðurlandi en engin kennsla er í öðrum fangelsum. Fangar geta í sumum tilfellum stundað fjárnám en í flestum tilfellum eru svo miklar hindranir hjá fangelsunum að það er orðið mjög erfitt sð stunda það nám. Að mati Afstöðu hefur FSU gjörsamlega brugðist með nám fanga á landsvísu og að mínu mati ekki lagt í verkefnið það fjármagn sem FSU fær árlega eyrnamerkt námi fanga.

Guðmundur Ingi telur afar mikilvægt að efla starf náms- og starfsráðgjafa í öllum fangelsum landsins. „Þeir ráðgjafar sem hafa starfað á Suðurlandi hafa lyft grettistaki þó en það er þó ekki nóg.“

Guðmundur segir engin úrræði í boði eftir afplánun og í langflestum tilfellum verði þeir einstaklingar sem hafa stundað eitthvert nám í afplánuninni að hætta því.

„Fólk sem fer á Vernd eða aft-




ur út í samfélagið hefur brunnið flestar brýr að baki sér og fá ekki námslán eða önnur lán. Um leið og þau eru í námslánshæfu námi fá þau heldur ekki félagslegar bætur, það er því endastöð á nám hjá flestum. Allir eru þó sammála að aukin menntun dregur úr glæpum, ítrekun brota og fækkar brotapolendum. Það væri því best fyrir samfélagið að gera sem mest í því að útskrifa fanga úr skólum á með-

an þeir eru í afplánun og strax á eftir. Varðandi hin atriðin þá er sáralítið í boði og enginn staður sem aðstandendur fanga geta leitað til,“ segir Guðmundur og bætir við að Afstaða vinni þó að breytingum á því á næstunni. ■

Maxið aldrei verið betra

Pepsi Max-deild karla er að ná fyrri styrk eftir mögur ár í efstu deild karla, er varðar gæði innan vallar og mætingu, er deildin aftur í sókn. Hvassari umræða í gegnum hlaðvarpsþætti hefur aukið áhuga fólks á leiknum fagra, aukning er í mætingu á völinn. Margt hefur vakið athygli nú þegar Pepsi Max-deild karla er að verða hálfnuð. Margar ástæður eru fyrir því að deildin hefur sjaldan verið meira spennandi fyrir áhugafólk um knattspyrnu. Hér eru helstu atriðin.



1. Hlaðvörp

Hlaðvarpsþættir hafa verið að gera það gott, sérstaklega í knattspyrnuheiminum á Íslandi. Þættir sem við erum með, Dr. Football, Steve dagskrá og Fótolti.net standa fyrir sínu og vekja mikla athygli. Með þessum þáttum hefur umræðan breyst, hún er hvassari en áður. Stundum er það ekki gott fyrir félögin og leikmenn sem hefur verið farið silkihönskum í mörg ár, þetta hefur hins vegar aukið áhugann á deildinni. Umfjöllun um Pepsi Max-deild karla var mikil fyrir en hefur aukist mikið með þessum hlaðvarpsþáttum, áhuginn á deildinni hefur ekki verið svona mikill í mörg ár.



2. Læti á Hlíðarenda

Það hefur gustað um Hlíðarenda, mótið byrjaði illa og Gary Martin var sparkað í burtu. Lætin sem fylgdu enska framherjanum var eitthvað sem Valsarar þoldu illa. Gary Martin fékk væna summu í sinn vasa, bara svo hann væri nú ekki að mæta á æfingar. Mótið hélt áfram að ganga illa og Ólafur Jóhannesson bannaði spurningar um enska fram-

herjann, Stöð2 Sport tók allt saman upp og birti. Það hélt svo áfram að gusta á Hlíðarenda þegar Hannes Þór Halldórsson meiddist og fór í brúðkaup til Ítalíu. Vandræði Valsmanna og lætin utan vallar hafa aukið umtal um deildina. Gott fyrir alla nema Valsmenn.

3. Stór nöfn í deildinni

Það er að hjálpa Pepsi Max-deild karla mikið hversu stór nöfn spila nú í deildinni, þrjú algjörir lykilmenn í íslenska landsliðinu síðustu ár eru með. Hannes Þór Halldórsson gekk í raðir Vals fyrir tímabilið, fyrir var Birkir Már Sævarsson á Hlíðarenda. Þá er Kári Árnason mættur heim í Víking. Fleiri leikmenn hafa snúið heim úr atvinnumennsku og sjá til þess að deildin fær meiri athygli. Þá eru þjálfarar eins og Rúnar Kristinsson og fleiri góð auglýsing fyrir deildina.



4. Gott veður

Veðurfarið hefur leikið við landann síðustu vikur, þetta er ástæða þess að fleiri mæta á völinn en í fyrra. Í fyrra rigndi nánast alla daga og Heimsmeistaramótið í Rússlandi truflaði einnig. Þá hafa leikdagarnir í Pepsi Max-deildinni verið skemmtilegir en áður, leikir í miðri viku, leikir á laugardögum. Þetta hefur sett skemmtilegan svip á deildina og eitthvað smá þróast áfram.

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÓÐUR
ÁN HLIÐSTAEDU**

gæludýr.is

www.gaeludyr.is



5. Frábærir leikir

Það hefur ekki verið jafn gaman að fara á völinn í mörg ár, óvænt úrslit úti um allt. Stórlíð í vesni, nýliðar að berjast við toppinn. Líð eins og Víkingur sér til þess að fólk vill mæta á völinn, Arnar Gunnlaugsson og félagar vilja spila sóknarbolta, úr verða alltaf skemmtilegir leikir. Mörk og læti í hverjum einasta leik. Ótrúlegar endurkomur hafa sést og þegar fólk mætir á völinn er erfitt að lesa í úrslitin áður en flautað er til leiks. Þetta gefur mótinu mikið. Þá hefur umgjörð liða batnað mikið, þeir sem vilja fá sér öl á vellinum geta það á flestum stöðum og meira er í gangi fyrir börnin.

Sjáðu öll
tilboðin á
kunigund.is

ÚT SALA

allt að

70% AFSLÁTTUR



KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is



Sudurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll víðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



MYND: SKJÁSKOT AF VEF RÚV

Ósnertanlegur

Haraldur Johannessen ríkislög-reglustjóri hefur verið í eld-línunni síðustu vikur og rekur hvert deilumálið annað. Allt frá deilum um bílamiðstöð embættisins til móður sem telur svo stóra vankanta á rannsókn lögreglu á meintu kynferðisof-beldi sem dóttir hennar varð fyrir af starfandi lögreglumanni að hún vill afsögn ríkislög-reglustjóra. Þá er eineltismál á borði dómsmálaráðuneytisins sem og ólga innan sér-sveitarinnar. Það er ekkert nýtt að hitnað hafi undir Haraldi á rúmlega tuttugu árum sem hann hefur setið í embætti og virðist hann ósnertanlegur. Trekk í trekk dúkka upp alvar-leg mál sem hann svarar ekki fyrir í fjölmiðlum og virðist ekki þurfa að axla neina ábyrgð á. Það er kaldhæðnislegt í ljósi þess að hlutverk hans, í laga-legum skilningi, er að „leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna“.

Umboðsmaður hjólar í leikarafélagið

Umboðsmaðurinn Árne Björn Helgason rekur umboðsskrifstofuna Creative Artists Iceland og hefur þekkt leikara á sínum snærum. Hann sendir Félagi íslenskra leikara, FÍL, pillu í pistli á Facebook og segir heimasíðu félagsins ekki þjóna hagsmunum leikara. Árne virðist setja fram þá kröfu að síðan eigi að vera eins konar markaðstól fyrir leikara þegar leikstjórar leita að leikurum í verk. Segir Árne að verið sé að leita að leikurum í nokkur erlend verkefni og að síða félagsins sé „til skamm- ar fyrir félagsmenn“. Í lögum FÍL er hvergi tekið nákvæm- lega fram að heimasíðan eigi að virka eins og umboðsskrif- stofa heldur sé hlutverk fé- lagsins fyrst og fremst að gæta hagsmuna leikara, sérstaklega er varðar kjarasamninga sem hefur staðið mikill styr um síð- ustu á.



MYND: EYÞÓR/DV

Hestöflin heilla Stúlka á reiðnámskeiði vandar til verka og kembir reiðskjótann af alúð.

Undarlegt háttalag síðanefndar

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Forsætisnefnd Alþingis hefur úrskurðað að niðurstaða síðanefndar þingsins um að þingkona Pírata, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, hafi gerst brotleg við síðareglur þingmanna standi. Varðar þetta ummæli Þórhildar Sunnu um Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðis- flokks, og háar akstursgreiðslur til hans árið 2017. Það var svo sem ekki við öðru að búast að forsætis- nefnd kæmist að þessari niður- stöðu þar sem hún var búin að komast að þeirri niðurstöðu í fyrra að ekkert benti til refsiverðrar hátt- semi Ásmundar.

Gott og vel. Kannski gerði Ásmundur ekkert af sér. Kannski er það bara eðlilegt að fá 4,6 millj- ónir króna endurgreiddar á einu ári frá vinnuveitanda sínum vegna aksturskostnaðar. Það eru nú ekki nema 385 þúsund krónur á mánuði, sem er talsverð hærra upphæð en sá sem slefar yfir lág- markslaun fær á mánuði. Það sem



vekur hins vegar spurningar er að það virðist ekki vera sama hver er þegar kemur að síðareglum þing- manna.

Allir þingmenn þurfa að lúta síðareglum þar sem þeir meðal annars skuldbinda sig til að tryggja að það sem hver þingmaður fær endurgreitt fyrir útgjöld sín sé í samræmi við reglurnar. Í reglum þingmanna er til að mynda kveðið á um að þingmaður þurfi að leigja bílaleigubíl keyri hann meira en fimmtán þúsund kílómetra á ári vegna starfs síns. Í síðaregl-

um er það tundað að þingmenn megi ekki nota aðstöðu sína til að vinna að eigin hagsmunum eða til persónulegs ávinnings fyrir sig eða aðra. Þá er vert að rifja upp að Ásmundur hefur sjálfur sagt að hann vildi ekki leigja bílaleigubíl því honum fyndist það glataðir bílar, að hann hafi rúkað Alþingi vegna aksturskostnaðar í prófkjörsbar- áttu og að hann hafi fengið endur- greiðslu frá ríkinu vegna upptöku á þætti á ÍNN, þó að hann hafi síð- ar dregið úr því síðarnefnda.

En Þórhildur Sunna er ekki



dæmd brotleg við síðareglur út af því að hún var að ljúga þegar hún sagði að rök- studdur grun- ur væri uppi um að Ásmundur hefði dregið sér al- mannafe. Sann- leiksgildi ummælanna er nefnilega aukaatriði í úr- skurði síðanefndar. Brot henn- ar snúa að háttsemi. Samkvæmt úrskurðinum sýndi hún stöðu og störfum Alþingis ekki virðingu og kastaði rýrd á þingið og skaðaði ímynd þess.

Þá stendur eftir sú spurning – Er ekki möguleiki að Ásmundur sjálfur hafi sýnt störfum Alþingis óvirðingu og skaðað ímynd þings- ins? Og er ferli síðanefndar ekki gjörsamlega meingallað ef á að taka stök ummæli út fyrir sviga án þess að meta sannleiksgildi þeirra og samhengis þegar téð ummæli voru látin falla? Úrskurðir í eðli sínu eiga að ljúka málum og öllum steinum lyft. Nú standa hins vegar eftir fleiri spurningar en svör. ■


Spurning vikunnar

Hvað er ást?



„Ást er það mikilvægasta sem til er í öllum heiminum.“

Emma Lilja Rizzo, 6 ára



„Blóm.“

Viktória Fanney Óttarsdóttir, 4 ára



„Að elska og þykja vænt um og hugsa vel um vini sína.“

Ylfa Sól Arnarsdóttir, 8 ára



„Að vera með glatt hjarta.“

Arnar Gauti Kristinsson, 5 ára (að verða 6 ára)



„Þeir sem elska hvor annan og vilja giftast hvor öðrum.“

Guðný Líneik Guðjónsdóttir, 5 ára



„Ást þýðir að vera ástfanginn og kysast.“

Hildur Lilja Þorsteinsdóttir, 6 ára



„Ég veit það ekki, en ég hef heyrt um mat sem heitir ástarþungar.“

Kristófer Vopni Óttarsson, 5 ára

Fiskur og veiði 2019

28. júní 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Persónuleg þjónusta í Fiskbúð Fúsa

Fyrrverandi handboltakappinn Sigfús Sigurðsson opnaði Fiskbúð Fúsa í nóvember 2018 ásamt systur sinni. Búðin er við Skipholt 70. Systkinin sjá bæði um reksturinn, Sigfús um rekstur búðarinnar en systir hans um fjármálin, enda segist Sigfús ekki vera sterkur þar. Sigfús er eini starfsmaðurinn í fullu starfi við verslunina þótt hann sé með mann sem komi og hjálpi sér á álagstímum. Árið 2013 hætti Sigfús, betur þekktur sem Fúsi, í handboltanum og þurfti að leita sér að vinnu en þá bauðst honum starf hjá Fiskikónginum. Eftir nokkurra ára starf þar ákvað hann að opna sína eigin verslun þó að það hafi ekki alltaf verið draumurinn. „Mér líkaði svo rosalega vel við að vinna í fiskbúð. Þetta á vel við mig, að standa bakvið borðið, tala við fólk og bara vera ég,” segir Sigfús. Fólk getur búist við persónulegri þjónustu í Fiskbúð Fúsa. „Mikið af fólki kemur

inn og spjallar um daginn og veginn, hvað það var að gera um helgina og hvað það var að gera í dag. Þetta er alls engin færibandavinna,” segir Sigfús.

Uppáhaldið – saltfiskur með kartöflum og hamsatólgi

Sigfús líkir versluninni við kaupmanninn á horninu og segir sjálfur að hann segi oft meira heldur en minna og að hann sé opinn og segi hlutina bara eins og þeir eru, þá sérstaklega um fiskinn, en hann vill að verslunin sé á persónulegum nótum. Uppáhaldsfiskur Sigfúsar er saltfiskur með kartöflum og hamsatólgi, en honum finnst saltaðar gellur algjörlega frábærar líka, reykta ýsan sé æðislega bragðgóð og bleikjan sem þau eru með í fiskbúðinni ótrúlega góð líka. Í búðinni er allt til alls, segir Sigfús, og því oft erfitt að gera upp á milli hvað sé best. En nú þegar sumarið er gengið í garð er vinsælt að koma og kaupa

sér eitthvað á grillið. Fólk grillar ýmislegt eins og humar, bleikju, lax og þorsknakka en segist Sigfús ekki mæla sérstaklega með því að grilla ýsu, þó sé nú vissulega hægt að grilla allt. Eftir vitundarvakningu sem hefur verið undanfarin ár talar Sigfús um að Íslendingar séu duglegri að borða fisk og tekur hann sérstaklega eftir því að ungt fólk með krakka komi og kaupi fisk vegna þess að krökkunum þygi gott að fá fisk í skólanum og leikskólanum. „Mánudagar eru vinsælustu dagarnir en jafnframt eru föstudagarnir líka vinsælir en þá er fólk kannski að kaupa lax eða bleikju til að skella á grillið eða í ofninn.”

Verslunin er, eins og fyrr sagði, í Skipholti 70 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá 10–18.30. Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á <https://fiskbudfusa.com/> og á <https://www.facebook.com/fiskbudfusa/> ■





Spríklandi ferskur fiskur beint á veitingastaði

Ferskir þorskhnakkar og þorskbítar eru vinsæl afurð frá okkur, sem við sækjum nú daglega í ferskfiskvinnslu Skinnseyjar Þinganes í Þorlákshöfn. Þar veiða menn og vinna hágæða ferskan fisk alla daga frá bátum útgerðarinnar. Humarsalan býður viðskiptavinum sínum upp á þessa brakandi fersku afurð sem við dreifum daglega inn á veitingastaði og mótuneyti um allt land," segir Jakob Hermannsson, sölustjóri Humarsölunnar.

Spríklandi ferskur fiskur

Humarsalan sérhæfir sig í sölu á spríklandi ferskum fiski, humri og öðrum skelfiski fyrir verslanir, veitingahús, veislubjónustur og einstaklinga. „Humarinn og fersku þorskhnakkarnir eru langvinsæl-astir en við erum sérfræðingar í sjávarfangi og bjóðum aðeins upp á hágæða hráefni," segir Jakob.

Fyrsta flokks hágæðahumar

Humarsalan var stofnuð í janúar 2004. „Markmið okkar hefur ávallt verið að bjóða upp á fyrsta flokks fisk allt árið um kring og veita fyrirtaksþjónustu," segir Jakob. Fljótlega eftir stofnun fyrirtækisins var viðskiptavinum einnig boðið upp á steinbíts- og skötuselskinnar, sem njóta gríðarlegra vinsælda. „Orðstír fyrirtækisins hefur vaxið jafnt og þétt og má með sanni segja að merki Humarsölunnar sé táknið um gæði," segir Jakob.

Íslenskt hráefni í hæsta klassa

„Við bjóðum aðeins upp á hráefni í hæsta klassa frá öflugustu humar-útgerð landsins, en það hefur löngum löðað við Hornafjörð að þar sé besta hamarinn að fá," segir Jakob. Humarsalan selur einnig aðrar afurðir Skinneyjar –Þinganes. „Steinbítskinnar og léttsaltaðar þorsklundir njóta orðið sífellt aukinna vinsælda og finnum við fyrir miklum áhuga

á íslensku sjávarfangi jafnt hjá veitingastöðum og hinum almenna neytanda."

Mikið af nýjungum í gegnum árin


Humarsalan býður upp á mjög mikið úrval af humri með skel og án skeljar og hefur skelfletti hamarinn orðið sífellt vinsælli. „Fólk er farið að nota skelfletta hamarinn í ótrúlegustu matargerð eins og t.d. ommelettur, pitsur, samlokur og margt fleira. Einnig hafa aðrar íslenskar sjávarafurðir eins og steinbítskinnar, skötuselskinnar, léttsaltaðar þorsklundir, ásamt innfluttu sjávarfangi eins og risarækju, hörpuskel, túnfiski og fleiru verið mjög vinsælar. Á vörulista Humarsölunnar hafa verið að bætast við nýjungar í gegnum árin og koma viðskiptavinir Humarsölunnar víða að. Við erum því bjartsýn og sjáum mikið af tækifærum," segir Jakob að lokum.

Í vefverslun fyrirtækisins, www.humarsalan.is, er að finna gott yfirlit

yfir vöruúrvalið. Einnig má finna þar fjölmargar uppskriftir af humar- og fiskréttum.

Sími: 867-6677

Netfang: humarsalan@humarsalan.is ■





KOMDU JT AÐ
VEIÐA

COSTA
SEE WHAT'S OUT THERE

GUIDELINE
It's all about the experience

patagonia

Wychwood

AF HVERJU AÐ FLÆKJA HLUTINA?

GERÐU VEIÐINA EINFALDA, ÁHRIFARÍKA, OG UMFRAM ALLT, ÁNÆGJULEGA!

Lítu í verslun okkar að Hlíðasmári 13, Kópavogi. Stútfull búð af vönduðum og áreiðanlegum veiðibúnaði frá heimsþekktum framleiðendum á borð við Patagonia, UMPQUA, Guideline, COSTA, og Wychwood.

Vöðlur, skór, stangir, línur, tól og tæki - þú færð þetta allt hjá okkur. Gefum þér góð ráð svo veiðiferðin verði sem allra ánægjulegust.



COSTA
SEE WHAT'S OUT THERE

EIN FULLKOMNUSTU & SKÖRPUSTU VEIÐIGLERAUGU Á MARKAÐNUM

Polaroid tæknin sem notuð er í 580 linsurnar frá COSTA er sótt í myndavélatæknina, og er ein ástæða þess að þau eru bestu og skýrustu veiðigleraugu sem hægt að er fá! Tróna á toppnum í öllum helstu fagttímaritum heims. Gott úrval fyrir bæði kvenmenn og karlmenn.



COSTA 580G

LIGHTWAVE GLER
YFIRBURDA SKÝRLEIKI &
MIKID RISPUPÓL

GUIDELINE VOSSO

VOSSO fluguhjólín eru fullkonnasta lína fluguhjóna frá Guideline. Hágæðaframleiðsla með bremsukerfi sem hentar í allar aðstæður, hversu krefjandi sem þær kunna að verða. Fáanleg fyrir einhendur, switch, og tvíhendur, í þremur litum.



TVÍHENDUR & SWITCH

Stangirnar frá GUIDELINE eru löngu orðnar þekkar fyrir að vera vel ballanseraðar og með hrátt, leyndardómsfullt útlit sem vekur hrifningu í hverju smáatriði.

Laxá, LXi, LPXe, NT8

Fjögurra til sex hluta stangir sem eru léttar, nákvæmar, gríðarlega sterkar, og með ótrúlegri hraðaleiðréttingu.

VERÐ FRÁ KR 46.900,-

með Guideline FAVO fluguhjóli, og skotlínu!

VEIÐILÍF 2019

Glæsilegur upplýsinga og vörubæklingur Flugubúllunnar. Þitt eintak biður hjá okkur.



FLUGUBARINN

er ávallt stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 180 KR STK!

VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRUNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE
It's all about the experience

FULLINGMILL
RAISING THE GAME

Wychwood

patagonia

FRÖDIN FLIES

Korkers

UMPQUA

ALFA

COSTA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opíð virka daga 10:00 til 19:00
Laugardaga 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is



facebook.com/flugubullan/



NORÐURÁ FEGURST ÁA

**Eigum fáeinar stangir
síðari hluta ágúst mánaðar.**

Skemmtileg veiði í alvöru á.
Sala veiðileyfa fyrir sumarið 2020 er hafin.

Vinsamlega hafið samband við Einar

einar@nordura.is
S 893-9111/496-0833

**Það er til
ódyr laxveiði!**

FARSÆL ÞJÓNUSTA VIÐ VEIÐIMENN SÍÐAN 1988

VEIÐIÞJÓNUSTAN
Strengir
www.strengir.is
ELLIDASÖGUSTRENGIR, IS /// T. 567 5204

Veiðiþjónustan Strengir: Það er til ódyr laxveiði

Veiðiþjónustan Strengir býður veiðimönnum upp á fyrirtaks laxveiði á gullfallegum ársvæðum, sem og silungsvæði. Nýleg fyrsta flokks veiðihús hafa verið byggð á flestum veiðisvæðum Strengja.

Veiðiþjónustan Strengir var stofnuð árið 1988 og hefur síðan þá lagt mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu við veiðimenn, jafnt innlenda sem erlenda. Strengir hafa nú á sínum snærum Breiðdalsá, Jöklu og hliðarár, Fögruhliðará, Hrótafjarðará

og Minnivallalæk.

Forstjóri Strengja er Þröstur Elliðason en hann er jafnframt stofnandi fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar á strengir.is

Veiðileyfi má ýmist panta í gegnum vefsíðuna eða með því að hafa samband við Þröst Elliðason í síma/fax: 567 5204, heimasíma: 567-5211 eða 660-6890 eða með því að senda póst á netfangið: ellidason@strengir.is. ■

Hér pantar þú veiðileyfi:

[Breiðdalsá](#)

[Jökla I og Fögruhliðará](#)

[Breiðdalsá silungasvæði](#)

[Jökla II](#)

[Hrótafjarðará](#)

[Jökla III](#)

[Minnivallalækur](#)

[Fögruhliðarós](#)

FISH PARTNER:

Ástriða fyrir veiði

Eigendur Fish Partner, Gunnar Örn Petersen, Kristján Páll Rafnsson og Sindri Hlíðar Jónsson, hafa áratuga reynslu af stangveiði, leiðsögn og skipulagningu veiðiferða. Það er ástriða fyrir veiði sem rekur þá félaga áfram

og er óhætt að segja að þeir séu í draumastarfinu. Þeir þreytast aldrei á því að kanna nýjar veiðilendur og kynna ný svæði fyrir veiðimönnum. Þau svæði sem Fish Partner býður upp á eru rjómínn af því sem þeir félagar hafa uppgötvað.

SILUNGSVEIÐI

FISH PARTNER BÝÐUR UPP Á ÚRVAL VEIÐISVÆÐA MEÐ URRÍÐA OG BLEIKJU. SILUNGSVEIÐI ER SÉRSVIÐ FÉLAGSINS. BOÐIÐ ER UPPÁ VEIÐI Á NOKKRUM AF FALLEGSTU SVÆÐUM LANDSINS.



Pingvallavatn – Villingavatnsárós
„Eitt magnaðasta urriðasvæði í veröldinni“

Villingavatnsárós er magnaðasta urriðasvæði Pingvallavatns. Eins og nafnið gefur til kynna á Villingavatnsá ós á svæðinu og urriðinn leit- ar í ósinn til að melta fæðu. Svæðið getur gefið ótrúlega veiði og mikið er af stórum fiski.



Villingavatn (Tjörnin)

„Lítið en leynt verulega á sér“

Villingavatn, eða Tjörnin, lætur ekki mikið yfir sér en geymir þó mikið af urriða sem margir hverjir eru mjög stórir.



Tungnaá

„Sjónveiði í kristaltærri hálandisá“

Tungnaá er frekar lítil á og umhverfi hennar er mjög sérstakt þar sem hún liðast kristaltær niður stórbrotinn jökulfarveg. Mögnuð bleikjuveiði getur verið í ánni.



Blöndukvislar

„Viðáttur óbyggðanna“

Vatnasvæðið ofan Blöndulóns samanstendur af sjö ám og ótal lækjum sem renna í lónið eða Blöndu. Krefjandi svæði fyrir ævintýragjarna veiðimenn.



Pingvallavatn – Kárastaðir

„Sennilega stórbrotnasta svæði Pingvallavatns“

Kárastaðir eru við norðanvert Pingvallavatn, skammt frá ósum Öxarár sem er helsta hrygningarstöð Pingvallavatns-urriðans. Urriðinn sveimar um svæðið í torfum á vorin og getur veiðin orðið ævintýraleg ef menn hitta á eina slíka.



Pingvallavatn – Svörtuklettur

„Mögnuð kvöld við Svörtukletta“

Svörtuklettur eru í landi Heiðarbæjar 2 við norðvesturhluta Pingvallavatns. Móakotsá á ós á svæðinu og leitar urriðinn oft í ósinn til að melta og í fæðuleit. Svæðið er þekkt fyrir stóran urriða en þeir ferðast í torfum með ströndinni.



Pingvallavatn – Kaldárhöfði

„Spennandi kostur í urriða og bleikju“

Kaldárhöfði er syðsta veiðisvæðið í Pingvallavatni og nyrsta svæðið í Úlfjótuvatni. Um er að ræða mjög fjölbreytt svæði sem bæði býður upp á urriða- og bleikjuveiði.



Kaldakvisl

„Leynd perla á hálandinu“

Kaldakvisl geymir ótrúlegan bleikjustofn og geta stærstu bleikjurnar orðið allt að 10 pundum. Ekki er óalgengt að menn setji í 5–6 punda fiska. Í Köldukvisl er einnig að finna urriða sem líka getur orðið mjög stór.



Syðra-Fjall í Laxá í Aðaldal

„Paradis þurrfluguveiðimannsins“

Syðra-Fjall í Laxá í Aðaldal er skemmtilegt silungasvæði með laxavon.

LAXVEIÐI

ÞÓ SVO AÐ SILUNGSVEIÐI SÉ SÉRSVIÐ FISH PARTNER ÞÁ BÝÐUR FÉLAGIÐ EINNIG UPP Á SPENNANDI KOSTI Í LAXVEIÐI.



Gljúfurá

„Skemmtileg laxveiði“

Gljúfurá er nett og falleg þriggja stanga á í Húnavatns-sýslu. Veiðistaðir í Gljúfurá eru hver öðrum fallegri og mjög fjölbreyttir. Lax, bleikja og sjóbirtingur gengur í Gljúfurá og þar er einnig staðbundinn urriði.



Sandá í Þjórsárdal

„Haustveiði í stórbrotnu umhverfi“

Þessi tveggja stanga perla rennur í gríðarlega fallegu, skógi vöxnu, umhverfi í Þjórsárdal. Áin er hliðará Þjórsár og er ein af aðal hrygningarstöðvum laxins í efri Þjórsá.



Árbót í Laxá í Aðaldal

„Drottningin“

Laxá í Aðaldal, eða Drottningin eins og hún er gjarnan kölluð, er öllum íslenskum veiðimönnum kunn. Áin er þekkt fyrir að geyma stóra laxa og ógrynni af vænum urriða. Árbót er stórskemmtilegt laxa- og urriðasvæði á austurbakka Laxár, gegnt Nessvæðinu og Laxárfélagssvæðinu.

ÖNNUR SVÆÐI:



Hamrar í Hvítá.



Geldingatjörn.



Kvislarveita.



Sporðöldulón.



Rut Jónsdóttir og Ólafur Gústafsson, landsliðsfólk í handbolta „Ómissandi vara á okkar heimili enda byrja allir morgnar á Dropa, frá fyrirtæki sem er annt um að halda vörunni náttúrulegri og hreinni.“

Kaldunnið íslenskt þorskalýsi

Framleitt í Bolungarvík



Fæst í öllum helstu apótekum og heilsubúðum



Ógleymanleg veiðiferð til Grænlands

Petta eru svona „exclusive“ ferðir en árið 2020 stefnum við á að vera með blandaða hópa,” segir Halldór Ingvason, einn af eigendum South Greenland Fly Fishing, en fyrirtækið var stofnað árið 2012. South Greenland Fly Fishing býður upp á veiðiferðir til Suður-Grænlands. Höfuðstöðvarnar eru í Narsaq, en þaðan er siglt á hverjum morgni í einhverja af hinum fjölmörgu ám og vötnum sem eru í innan við klukkustundar siglingar fjarlægð. Boðið er upp á tvenns konar ferðir, annars vegar „camping“ þar sem fólk gistir í tjöldum eða þar sem gist er á hóteli.

Stórbrotið og fallett landslag

Veiðileiðsögumennirnir sem og skipstjórnarnir hafa áralanga reynslu á sínu sviði og eru í góðri samvinnu við heimafólk svo að ferðin til Grænlands verði ógleymanleg. South Greenland Fly Fishing hjálpa þér að skipuleggja stórskemmtilega og eftirminnilega ferð því það getur jú verið tímafrekt og kostað mikla vinnu að gera það sjálfur. Suður-Grænland býður upp á stórbrotið og fallett ónsortið landslag, jökulheima, heidalönd, firði og fjörur. Dýralífið í Grænlandi er einstakt, flestar ár eru fullar af bleikju, selir og hvalir synda um firðina, hreindýr, sauðnaut, snæhéar og refir eru einnig algeng sjón á göngu. En maður má ekki gleyma að líta upp því ernir og Grænlandsfálkar sjást einnig reglulega. „Það er mikilvægt að vera í ágætis formi því við löbbum mikið,” segir Halldór.

Ný á á hverjum degi

Í boði eru tvenns konar lengdir á ferðum:

Fjögurra daga, frá laugardegi til þriðjudags, en þar er gist í fjórar nætur og veitt í 4 heila daga.

En svo er hægt að fara í sjö daga frá þriðjudegi til þriðjudags og þá er gist í 7 nætur og veitt í 7 daga.


Farið er í nýja á hvern dag til að gefa kunnunum fullkomna upplifun af því sem Grænland hefur upp á að bjóða. En á meðan siglt er fær fólk tækifæri til að horfa á isjaka, fallega firði og yndislegt dýralíf. Ef gist er á hótelinu er farið við lok hveggveiðiferðar á hótelið í Narsaq og borðaður ljúffengur kvöldverður.

Réttur klæðnaður lykilatriði

Mikilvægt er að taka með sér réttan klæðnað og skófatnað því veðrið getur verið mismunandi og árnar við núll gráður þótt lofthitinn sé oftast hlýr. En einnig er mikilvægt að hugsa um að verja sig gagnvart moskítóflugunum því þær eru vist ansi margar við árnar, því er nauðsynlegt að vera með net.

South Greenland Fly Fishing býður upp á einstaka og magnaða upplifun og með þeirra hjálp verður ferðalagið ógleymanlegt. „Við byrjuðum í þessu 2012 og erum búin að vera að bæta við okkur reynslu og svona, en nú erum við komin með einn flottasta stangveiðistaðinn sem hægt er að veiða í,” segir Halldór.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á heimasíðunni <https://www.southgreenlandflyfishing.com/>, í síma 8219400 eða í netfangið info@southgreenlandflyfishing.com ■



VEIÐIÞORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.-fös. kl. 10-18. Laugard. kl. 9-16 Sunnud. kl. 10-14

SAIL


BÁTA TILBOÐ ALDARINNAR

Sailski slöngubátar
ýmsar stærðir
5 ára ábyrgð

300 cm - 99.000 kr.
330 cm. - 149.000 kr.
360 cm. - 189.000 kr.
430 cm - 299.000kr.





Sailski 330 cm slöngubátur og 6 Hestafla Sail fjörgengis mótur
Besta verðið á landinu
Aðeins 299.000kr



Nánar um báta og mótora á veidiportid.is

Sailski 360 cm slöngubátur og 9,9 hestafla Sail fjörgengis mótur
Þessi fer yfir 30 mílna hraða við bestu aðstæður !
Besta verðið á landinu
399.000 kr



Sail fjörgengis mótora
2 ára ábyrgð

6 HP - 179.000 Kr.
9,9HP - 269.000 Kr.
15 HP - 310.000 Kr.
20 HP - 340.000 Kr.



Nýjasta kynslóð af rafmagnsmótorum frá
Jaxon 65 lbs í þrýsting,
kolalaus mótur ,mun léttari en sá gamli
og 30% minni eyðsla á rafmagni.



Verð
59.900 kr
Eldra módel
49.900 kr.

JAXON®

Viðgerðar og ábyrgðar þjónusta á Sail mótorum er í samstarfi við reiðhjóla og sláttuvélþjónustuna vagnhöfða sem hefur margra áratuga reynslu á viðgerðum og þjónustu á tví- og fjörgengis mótorum

Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg
þjónusta á sviði fjármála
og viðskipta.

grantthornton.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf


HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK



urta.is landica

a little taste of Iceland

Jurtakryddsöltin okkar eru nú fáanleg í glæsilegum endurfyllanlegum kvörnum, ómissandi í grillið í sumar, á fiskinn, kjötið eða grænmetið



Sjáðu úrvalið okkar á www.urta.is

#urtafamily






Hoppukastalar og veislutjöld fyrir alls konar sumargleði

Tilfinn geta verið allt frá barnafmæli upp í stóra skemmtun hjá sveitarfélagi eða félagasamtökum. Leiguverðið á hoppuköstulum er frá undir 20.000 krónum dagurinn, enda eru þeir til í afar mörgum stærðum. Það sama má segja um veislutjöldin. Þú getur fengið lítið tjald sem þú slærð bara upp á lóðinni þinni á einfaldan hátt en síðan erum við með tjöld sem þekja jafnvel þúsundir fermetra.

Þetta segir Rikharð Sigurðsson hjá fyrirtækinu Exton, sem sérhæfir sig í tækjaleigu og þjónustu fyrir margs konar viðburði. Exton er ekki bara stærsta og öflugasta hljóðkerfa- og ljósaleiga landsins. Núna er vertið sumarveislna og margvíslegra hátíða undir berum himni og þá koma hin vinsælu leiktæki hoppukastalar og tjöld mikið við sögu.

Sem fyrr segir er úrval hoppukastala hjá Exton afar mikið. Í köstulunum eru rennibrautir eða þrautabrautir og í boði eru margs konar afbrigði, eins og til dæmis Sjóræningjahellir, Skjaldbökuhús og Höfrungakastali. Svo eru til hoppukastalar fyrir fulloröna, því maður er aldrei of gamall til að bregða á leik í Boxhúsinu, Þrautakastalanum, Wipeoutbrautinni eða einhverjum af ótal hoppuköstulum Exton.



Einn hoppukastali getur gjörbreytt viðburðinum og sér til þess að þú slærð í gegn.

Hjá Exton eru í boði um 30 tegundir af hoppuköstulum í hinum ýmsu stærðum. Veislutjöld, borð, stólar, uppblásin húsgögn, hljóðbúnaður, batterí LED lýsing og jafnvel hljódfæri. Í mörgum tilfellum fer út heildarlausn sem við hjálpum fólki að útfæra fyrir hvern viðburð fyrir sig.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni exton.is og í síma 575 4600 en fyrirtækið veitir sérhæfða ráðgjöf um þessi tæki og sér um uppsetningu þeirra ef þess er óskað. ■



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



SAKAMÁL



Morðmálum í Englandi hefur fjölgað og hafa aldrei verið fleiri en síðastliðinn áratug, hnífaársum hefur fjölgað, en á sama tíma hefur ákærum fækkað. Þetta kemur fram í skýrslu The Office for National Statistics sem birt var í desember árið 2018. 732 einstaklingar voru myrtir árið 2018, en árið 2017 voru þeir 690. Fjöldi morðmála hefur ekki verið meiri síðan árið 2008. Árásum þar sem hnífur er notaður

PÓSTKORT ERU MIKILVÆG SÖNNUN

■ Lík tveggja barna móður fannst í skógi ■ Myndavél hennar aldrei fundist

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Lögreglan telur að póstkort innihaldi lausnina að óleystu og hræðilegu morði frá 1984. Shelley Morgan, tveggja barna móðir, var aðeins 33 ára þegar hún var stungin 14 sinnum í bakið. Atvikið átti sér stað í Bristol fyrir 35 árum, en Morgan hafði skilað börnum sínum í skólann um morguninn.

Rannsóknarlögregla frá Avon og Somerset telur að bæði póstkortin innihaldi mikilvægar vísbendingar um hver morðinginn er. Lögreglan hefur beðið þá sem keyptu dagatal með póstkortunum eða geymdu póstkortin til að gefa sig fram.

Listnámsneminn var á leiðinni til Leigh-skógarins nærri Ashton Court þar sem hún hugðist verja deginum í að teikna og taka ljósmyndir. Þegar hún kom ekki til að sækja börnin sín og kom ekki heim var hringt til lögreglu og leit hafin. Fjórum mánuðum seinna, 14. október 1984, fundu börn að leik líkamsleifar Morgan.

Fjöldi stungusára

Krufning leiddi í ljós að Morgan hafði hlotið fjölda stungusára og einnig voru vísbendingar um að árásin hefði verið kynferðisleg.

Póstkortin eru af dagatali sem selt var af góðgerðarsamtökum

Rannsóknarlögreglan telur að tvö póstkort sem fundust innihaldi mikilvægar vísbendingar í leit að morðingja Morgan.



í Bristol á níunda og tíunda áratugnum. Ein myndin er tekin yfir Avon-ána í Bristol, frá Bower Ashton, rétt fyrir neðan Clifton-

brúna, en önnur er af St Andrew's kirkju tekin frá Blackwell-hæðinni. Lögreglan segir að báðar staðsetningar séu mikilvægar þar sem þær

sýni svæðið sem Morgan ætlaði til daginn sem hún hvarf og þar sem hún fannst nokkrum mánuðum seinna.

„Hún fór að heiman þennan dag til að taka ljósmyndir og teikna á Leigh-skógarsvæðinu, þannig að það getur verið að vinna hennar og staðsetning hennar þann dag innihaldi lausnina að því hver morðingi hennar er,“ segir Sarah Banton rannsóknarlögregla. „Við teljum að morðingi hennar hafi haft aðgang að bíl og tengist Backwell og líklega Leigh-skógarsvæðinu og Clifton-svæðinu í gegnum vinnu sína eða önnur sambönd.“

Týnd myndavél

Myndavél Morgan, 35mm Olympus OM20, með raðnúmerið 1032853, hefur aldrei fundist.

„Morgan var með myndavél með sér, ásamt þrífæti og teiknihöldum í stórra bútasaumsliðartösku,“ segir Barnston. „Þessi taska hefur aldrei fundist, eða fötin sem hún var í og gleraugun hennar sem voru með rauðri umgjörð. Þrátt fyrir að margir segist hafa séð Morgan daginn sem hún hvarf, bæði í Bristol og Backwell, þá hefur ekkert af því verið staðfest.“

Shelley Morgan var myrt á hryllilegan hátt árið 1984 þegar hún var úti að teikna og taka ljósmyndir af Avon Gorge. Mynd: Press Association.

Myndavél Morgan, 35mm Olympus OM20, hefur ekki fundist. Mynd: Press Association.

Lögreglan segist staðráðin í að leysa morðið á Morgan og láta þann eða þá sem ábyrgð gjörða sinna.

„Það er ómögulegt að ímynda sér sársaukann og sorgina sem fjölskylda Morgan hefur þurft að glíma við síðustu ár og að skilja

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

Mikið úrval af heilsurúmum og dýnum

Full búð af nýjum vörum



STILLANLEG HJÓNARÚM

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is



SVEFNSÓFI PIU
Verð nú 369.900 kr.



YARIS SVEFNSÓFI
Verð nú 154.900 kr.



vefverslun
svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval Höfn Bara snilld ehf. | Egilsstöðum

fjölgaði um 6%, en skráð tilvik eru 40.829 talsins og hafa ekki verið fleiri síðan árið 2011. Einn þriðji hnífaárása átti sér stað í London og flestar þeirra í úthverfum borgarinnar. Alvarlegum glæpum fjölgar: tilkynningum vegna nauðgana um 11%, ránum um 11%, svikum um 12% og þjófnaði um 8%.
BBC tók saman yfirlit yfir 100 fyrstu morðmál ársins 2019 í máli og myndum, til að sýna fólkið á bak við fyrirsagnirnar, um er að ræða mál til og með 8. mars. Hnífur var notaður í 40 tilvikum af 100. Aldur fórnarlamba er dreifður, einn fimmti var undir tvítugu, en flest á þrítugs- og fertugsaldri. Yngsta fórnarlambið var eins mánaðar gamall drengur og elstu 84 ára gamlir tvíburar, bræður myrtir í Exeter. 22 morðanna voru framin í London. 72 fórnarlambanna voru karlmenn og flestir þeirra á fertugsaldri.



ARGÖGN ÓLEYSTS MORÐS FRÁ 1984



Long Lane í Backwell Hill, þar sem líkamsleifar Morgan fundust. Mynd: Press Association.




Mynd tekin á vettvangi 1984. Mynd: Press Association.



Morgan var á leiðinni til Leigh-skógar nálægt Ashton Court daginn sem hún hvarf. Mynd: Press Association.

Lögreglan telur að póstkort af St Andrew's kirkju frá sjónarhorni Backwell-hæðar séu mikilvæg í rannsókn þeirra á hvert Morgan var að fara daginn sem hún var myrt. Mynd: Press Association.



Þetta póstkort sýnir ána Avon í Bristol, myndin er tekin frá Bower Ashton rétt fyrir neðan Clifton-brúna, bæði póstkortin voru seld á níunda og tíunda áratugnum. Mynd: Press Association.



áhrifin sem morð hennar hefur haft á börnin hennar tvö sem hafa verið móðurlaus meirihluta ævi sinnar," segir Barnston.

Trúnaður og sambönd breytast

„Ég vil hvetja alla sem hafa upplýsingar, hversu léttvægar sem þær eru, að stíga fram. Trúnaður og sambönd breytast með tímanum og það gæti verið að það sé einhver sem gat ekki talað við okkur á sínum tíma, en er í aðstöðu til þess í dag.“

Holle Brian, systir Morgan, segir: „Í 35 ár hef ég horft á atburði gerast án hennar. Þetta hafa verið 35 ár af þögn og lífi sem hún fékk ekki að lifa.

„Á meðan við höldum minningu hennar í hjarta okkar þá er hún á meðal okkar. Við erum að eldast og það mun koma sá tími að málið verður ekki leyst.

Við skorum á þig ef þú hefur einhverjar upplýsingar um þennan dag í júní 1984. Gerðu það, farðu til lögreglunnar, kannski varstu hrædd/ur við að tala þá, en að staða þín hafi breyst í dag. Vegna minningar systur minnar og ástar okkar á henni þá viljum við vita hvað gerðist og vera viss um að sá sem valdur var að dauða hennar muni aldrei særa aðra manneskju aftur.“ ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

John Hurt lék Fílamanninn í samnefndri kvikmynd.

ÖRLAGASAGA FILAMANNSINS

■ Álitinn vanskapningur ■ Dreymdi um það eitt að lifa lífinu eins og aðrir

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Nafnið Joseph Carey Merrick hringir líklegast ekki mörgum bjöllum hjá fólki en ef því er sagt að þetta hafi verið raunverulegt nafn „Fílamannsins“ svokallaða vita flestir um hvern er verið að tala. Merrick varð heimsþekktur á síðari hluta níttjándu aldar vegna mikillar bæklunar sem hrjáði hann. Hvarvetna sem hann kom vakti hann mikla athygli og um hríð var hann „sýningargripur“ í fjölleikahúsum og álíka stöðum. En þrátt fyrir mikla líkamlega fötlun var Merrick eins og flestir aðrir í kollinum og átti sér sína drauma

og vonir. Stærsti draumur hans var að geta lifað lífinu eins og aðrir. Það varð honum að aldurtíla þegar hann var aðeins 27 ára.

Saga Merrick hófst á köldum og vindasömum þriðjudegi þann 5. ágúst 1862. Þá fæddist heilbrigður drengur í lítilli íbúð á Lee Street 50 í Leicester á Englandi. Móðir hans var Mary Jane Merrick. En því miður var drengurinn ekki heilbrigður lengi. Þegar hann var tveggja ára byrjaði líkamleg bæklun að gera vart við sig hjá honum. Til dæmis óx hægri handleggur hans mikið og var ekki í neinu hlutfalli við restina af líkamanum. Kinnar og varir bólgnuðu upp og því átti Merrick litli erfitt með mál. Þegar hann var

fimm ára datt hann illa og meiddist á mjöðm. Þetta hafði ævarandi áhrif á hann því hann þurfti að ganga við staf eftir þetta.

Merrick skrifaði ævisögu sína 1884, þá aðeins 22 ára að aldri, þar sem hann sagði að ástæðuna fyrir bækluninni mætti rekja til þess að móðir hans hefði eitt sinn, þegar hún gekk með hann, fyllst skelfingu þegar hún sá fil í fjölleikahúsi. Þessar ævintýralegu vangaveltur hans urðu síðan að einni af hinum ævintýralegu mýtum sem umlykja Merrick og líf hans og urðu þær til þess að hann fékk viðurnefnið Fílamadurinn.

Merrick eignaðist bróður og systur en bróðirinn lést af völd-



um skarlatssóttar fjögurra ára að aldri. Systirin lést af völdum meðfæddrar en óskilgreindrar fötlunar 1891. Móðir hans lést í maí 1873, þegar Merrick var 11 ára, af völd-

um bronkítis. Faðir hans, Joseph Rockley Merrick, kvæntist á nýjan leik en nýja konan gat ekki á neinn hátt sætt sig við soninn sem glímdi við sífellt meiri fötlun og varð sí- ▶



Sjáðu úrvalið á goddi.is
Sauna- og gistitunnur

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Golf rafhjól

á frábærum verðum.
Örfá hjól til sölu
í næstu sendingu.

Ludviksson ehf

LEIÐANDI FYRIRTÆKI
Í LED LÝSINGU FRÁ 2010



LED LÝSING FYRIR

VINNUSTAÐI, HÓTEL, HEIMILI, FJÓS, FJÁRHÚS, VERKSTÆÐI
OG RAFVIRKJA LÍKA.



Öryggisvesti með
led ljósum



NASON



Skipakastarar




Innfeld ljós

VLIKE Driverless LED Downlight



Dimmanleg
Warm white
AC180-265V
7w - 10w
Engin "dræver" - tengjast beint í 220v



Götulýsing



UFO vinnustaðaljós



Ludviksson ehf

Flatahrauni 31 - 220 Hafnarfirði - S: 5658911

email: ludviksson@ludviksson.com

Heimasíða: www.ledljós.com





Frederick Treves var náinn vinur Fílamaðursins.



Fílamaðurinn.

Á síðasta degi sínum braut hann allar reglur, hann vildi sofa eins og aðrir og það varð honum að bana.

fellit umtalaðri í bænum. Faðir hans kom einnig fram við hann eins og hann væri úrhak. Lífið var svo erfitt að á endanum flúði Merrick að heiman og flutti inn á fátækraheimilið Leicester Union Workhouse. Þar bjó hann og vann mikið næstu fimm árin. Vegna mikillar fötlunar lifði hann nánast einangraður öllum stundum, enginn vildi umgangast hann.

Var hafður til sýnis

Sumarið 1884 heyrði Merrick um svokallaðar „viðundrasýningar“ þar sem bæklad fólk var haft til sýnis í tívólum, fjölleikahúsum og á mörkuðum. Hann ákvað að reyna að lifa af vansköpuðum líkama sínum og setti sig í samband við Sam Torr sem

stóð fyrir slíkum sýningum. Torr tók hann strax inn í sýningu sína og gaf honum nafnið „The Elephant Man“ (Fílamaðurinn). Næstu mánuðina var hann hafður til sýnis í Leicester og Nottingham. Fólk streymdi að til að sjá hann en fljótlega dró úr aðsókninni því bæklun Merrick var svo mikil að þegar fólk hafði séð hann einu sinni hafði það ekki þörf fyrir að sjá hann aftur. Því fækkaði áhorfendum hratt.

Torr sendi hann því til Lundúna í árslok 1884. Þar var honum komið í samband við Tom Norman, sem stóð fyrir álíka sýningum og Sam Torr. Norman byrjaði að sýna Merrick í bakherbergi niðurlagðrar verslunar á Whitechapel Road 123 og lét Merrick einnig dvelja þar

við slæman aðbúnað. Húsið var rétt hjá Royal London sjúkrahúsinu og dag einn birtist lækurinn Frederick Treves í gömlu versluninni. Hann vildi sjá þennan bæklada mann og rannsaka hann betur. Hann bauð Merrick að koma á sjúkrahúsið í rannsóknir og þær urðu á endanum margar, svo margar að Merrick fékk nóg af þeim. En þrátt fyrir það mynduðust sterk vináttubönd á milli hans og Treves sem vörðu allt þar til Merrick lést.

Á þessum tíma dró mikið úr áhuga fólks á „viðundrasýningum“ og andstaða við slíkar sýningar fór vaxandi á Englandi. Merrick þáði því boð um að fara til Belgíu til sýningarhalds. Þar var hann sýndur margoftern ferðin varð að hreinni martröð. Farið var með hann eins og

dýr og í Brussel réðst umboðsmaður hans á hann og stal öllum peningunum hans og skildi hann eftir einan og umkomulausan.

Nær örmagna og óhamingjusamur komst hann á endanum, eftir miklar krókaleiðir, með lest til Liverpool Street stöðvarinnar þann 14. júní 1886. Þar umkringdi forvitnið fólk hann, benti á hann og lýsti viðbjóði sínum á útliti hans. Hann vissi ekki hvert hann ætti að fara en fljótlega náði orðrómur um komu hans eyrum Frederick Treves sem sótti hann og flutti á sjúkrahúsið í Whitechapel. Treves ætlaði að veita Merrick húsa-skjól og það tókst honum með því að nota tengslanet sitt hjá bresku yfirstéttinni til að safna peningum til að láta innréttu herbergi á loftinu á Bedstead Square en það var sjúkrahúsið yfirleitt kallað. Næstu fjögur árin sá þessi sami hópur um að greiða fyrir allt sem Merrick þarfnadist, þar á meðal nokkrar ferðir í frí. Meðal þeirra sem studdu við hann fjárhagslega var breska konungsfjölskyldan. Þegar prinsinn af Wales, sem síðar varð Edward VII konungur, og eiginkona hans, Alexandra prinsessa, vígðu nýja álmu á sjúkrahúsinu 1887 krafðist prinsinn þess að fá að hitta Merrick persónulega. Eftir það fékk Merrick margoftern sérstakar kveðjur frá konungsfjölskyldunni.

Treves eyddi miklum tíma með Merrick og setti hann ítarlega inn í margvísleg samfélagsmálefni sem hann hafði ekki minnstu hugmynd um því hann hafði lifað svo einangraður frá samfélaginu. Auk þess hittu hann margar konur sem komu fram við hann eins og manneskju en ekki skrímsli. Þetta var algjörlega nýtt fyrir Merrick. Draumar hans um að geta lifað lífinu eins og aðrir styrktust við þetta en líklegt má telja að það hefði hann aldrei getað vegna fötlunar sinnar.

Dagurinn örlagaríki

Snemma morguns föstudaginn 18. apríl 1890 kom Emme Ireland hjúkrunarfærðingur til að líta eftir Merrick. Hann virtist þreyttur og þrekklíttill en hafði það gott miðað við aðstæður að hennar mati. Síðar um daginn var honum færður matur. Konan sem það gerði lagði bakkann á borðið hjá Merrick og flýtti sér

út. Hann átti erfitt með mál vegna bæklunar og ágerðist þetta með árunum. Um klukkan 15 kom Sidney Hodges lækurinn í hefðbundna vitjun sína til Merrick, sem lá beinn í breiðu rúmi sínu, en maturinn stóð ósnertur á borðinu. Hodges þurfti ekki langan tíma til að staðfesta að Merrick væri látinn. Hann kallaði á Evelyn Ashley lækni sér til aðstoðar. Þau rannsökuðu Merrick og komust að þeirri niðurstöðu að hann hefði kafnað og líklegast hefði hann hálsbrotnað.

Sjúkdómurinn, sem hrjáði Merrick nefnist Proteus-heilkennið. Í dag er talið að um 100 manns á heimsvísu þjáist af honum. Vegna sjúkdómsins varð Merrick að sofa sitjandi til að koma í veg fyrir að höfuð hans, sem vó 9 kíló, félli til hliðar og kæfði hann. Af þessum sökum svaf hann oft með einhvers konar trégrind um hnakkann. En á síðasta degi sínum braut hann allar reglur, hann vildi sofa eins og aðrir og það varð honum að bana.

Útförin

Síðar um daginn var lík hans flutt í líkhús sjúkrahússins. Þar var það krufið og lækur fjarlægðu alla mjúka líkamhluta af beinum hans. Lítil en formleg minningarathöfn var haldin um hann í kapelli sjúkrahússins og þann 24. apríl voru mjúku líkamshlutarnir jarðsettir í nafnlausri gróf í kirkjugarði. Þetta var gert í algjörru kyrrþey og sárafáir vissu af þessu. Áður en þetta var gert voru mörg sýni tekin af bækludum líkama hans og þau varðveitt. Þau eyðilögðust, ásamt krufningarskýrslunni, í sprengjuárásam Þjóðverja á Lundúni 1940–1941. Beinagrindin var sett saman og höfð til sýnis í gler-skáp í kjallara sjúkrahússins, sem varð síðar að Queen Mary University of London. Þar er hún enn en almenningur hefur ekki aðgang að henni því hún er geymd í læstu rými í Merrick-safninu en þar er eftirlíking af beinagrindinni til sýnis.

Grafstæðið

Þar til á þessu ári var ekki vitað hvar líkamsleifar Merrick höfðu verið grafnar en í maí komst ættfræðingurinn og rithöfundurinn Joanne Vigor Mungovin, frá Leicester, að því. Með ítarlegri yfirferð yfir ýmis skjöl og kirkjubækur tókst henni á nokkrum vikum að komast að því að Merrick er jarðsettur í City of London Cemetery. Henni tókst einnig að finna minnisblað þar sem fram kemur í hvaða gróf, en það er gróf númer 2.519.

Gröfin var ómerkt og ekkert sem gaf til kynna hver hvílir þar. En nú hefur orðið breyting á því Mungovin hefur látið koma litlu skilti með nafni hans og öðrum upplýsingum fyrir á gröfinni. ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR &
UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



BYLTING FYRIR ALLAN MUNNINN

Tvívætt sink
og argínín

veita náttúrulega
vörn gegn bakteríum
í munnum

Heildarvörn fyrir tennur, tungu, kinnar og tannhold

NÝTT

Total
WHOLE MOUTH HEALTH

Colgate
Antibacterial & Fluoride Toothpaste

✓ CAVITIES ✓ PLAQUE ✓ GUM PROBLEMS ✓ SENSITIVE TEETH
✓ TARTAR ✓ ENAMEL ✓ STAINING ✓ BAD BREATH
12 HOUR PROTECTION ON TEETH, TONGUE, CHEEKS AND GUMS

Veruleg fækkun baktería á tönnum, tungu, kinnum og gómi eftir samfellda notkun í fjórar vikur.

Frábær vörn í 12 tíma

Dregur úr tannskán

Styrkir glerunginn

Dregur úr tannskemmdum

Frískari andardráttur

Dregur úr blettamyndun

Dregur úr viðkvæmni

Dregur úr tannsteini

Fyrirbyggir tannholdsbólgu

Colgate®

„Svona ferð lifir leiðin“

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Anna Kristín Ásbjörnsdóttir kynntist fjallahjólum þegar hún var meðlimur í Hjálparveit skáta, í dag skipuleggur hún fjallahjólaferðir um hálendi Íslands fyrir erlenda ferðamenn. Nýlega hjólaði hún með hóp íslenskra kvenna um ótrúnaðar slóðir á hálendi Íslands í ferð sem heitir Fjallahjólakokk.

„Þetta er sjötta árið í röð sem ég býð íslenskum konum upp á Fjallahjólakokk sem gengur út á að kynna sér fjallahjólamennskuna á fjöllum. Inga Dagmar Karlsdóttir sá um fyrstu tvær ferðirnar með mér en nú vinn ég þetta eingöngu gegnum fyrirtækið mitt, Bike Company.“

Ferðirnar og hópinn notar Anna Stína til að prófa nýjar leiðir. „Það vita konurnar og koma með því hugarfari að stundum hef ég ekki farið leiðina sjálf. Þetta er orðinn þægilegur kjarni góðra kvenna sem þekkja konseptið mjög vel og svo eru aðrar sem eru að koma í fyrsta sinn. Það er alltaf gaman að kynna fjallahjól fyrir fólki í fyrsta sinn. Á hjóli upplifir maður hálendið með allt öðrum hætti.“

Konurnar voru þrjátíu talsins, sumar hafa mætt í allar Fjallahjólakokkferðirnar, aðrar eru að koma í fyrsta sinn. Sumar þekkja enga og mæta einar, á meðan aðrar koma nokkrar saman.

„Þetta er það allra skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni,“ sagði Anna Ragnhildur Halldórsdóttir, sem var í sinni fyrstu ferð. „Ég held að þetta sé það allra besta hrós sem þú getur fengið og sýnir hvað þetta er gaman,“ segir Anna Stína. „Nokkrar kvennanna fóru langt fram úr þægindarammanum,



Fararstjórn
Anna Stína nýtur sín í náttúrunni.

þetta er erfitt og sérstaklega fyrir óvanar, en svona ferð lifir lengi í minningunni. Þessar konur eru mjög fjörugar.“

Hvaða leið hjóluðu þið í ár? „Þetta er algjör leynileið,“ svarar Anna Stína og hlær, „þær hafa áður farið með mér frá Háafossi niður á Spöng, upp á Reynisfjall, allt Fjallabak nyrðra, núna vorum við meira að Fjallabaki syðra. Við hjóluðum í heild níutíu kílómetra, þar af fimmtíu kílómetra annan daginn, en ferðin var þrjár dagar í heildina.“

Frakklandsreynsla nýtt fyrir fjallahjólaferðir

Árið 1996 bjó Anna Stína í Frakklandi og rak ferðaskrifstofu sem sérhæfði sig í göngu- og skíðaferðum um Norðurlöndin fyrir frönskumælandi ferðamenn. „Þegar ég flutti aftur heim tók ég mér smá pásu frá öllu sem heitir skipulagning eða leiðsögn. Svo bara dregst maður aftur að því sem maður þekkir best og hef-ur ástríðu fyrir,“ segir Anna Stína, sem bjó að mikilli reynslu frá Frakklandi í sölu ferða til Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs, auk þess sem hún vann sem leiðsögumaður í ferðunum.

„Eftir að ég flutti aftur heim

tók ég þrjú ár í að leita að næsta tækifæri og var leiðsögumaður í alls konar ferðum; norðurljósaferðum, klassískum dagsferðum, vetrarferðum með skólahópa, Grænlandsferðum og erfiðum tjaldferðum fyrir fjallaleiðsögumenn,“ en Anna Stína lauk leiðsögunámi árið 2016 frá Háskóla Íslands.“

Anna Stína á fyrirtækið Bike Company, sem sérhæfir sig í fjallahjólreiðum á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað af fjórum strákum og vinum sem voru alltaf með fjallahjólaferðir fyrir strákahópa. „Ég kem síðan inn með þeim árið 2015 og kaupi fyrirtækið árið 2017 og hef verið með það ein síðan. Ég byggi fyrirtækið út frá minni reynslu frá Frakklandi. Ég tók út dagsferðir og fór að skipuleggja lengri ferðir og er með sérhæfðar ferðaskrifstofur erlendis sem sjá um að selja ferðirnar fyrir mig. Þetta er bara að byggjast upp hægt og rólega. Þýska sjónvarpsstöðin Arte var með mér og sex öðrum konum í ferð í fyrrasumar og í myndbandi frá þeirri ferð sést mjög vel hvernig ferðirnar fara fram.“

Að sögn Önnu Stínu koma flestir þeirra sem hjóla í ferðum hjá henni frá Norður-Ameríku, en í sumar hafa Frakkar og Spánverjar komið sterkt inn. „Í boði eru mjög erfiðar ferðir fyrir mjög vana hjólara og svo auðveldari ferðir fyrir þá sem vilja meira njóta en þjóta. Jóga er blandað inn í sumar ferðirnar. Í flestum ferðum gistum við í fjallaskálum og á hostelum. Ég er mikið með sérhópa og sérferðir þannig að ég aðlaga mig að hverjum hópi fyrir sig.“

Anna Stína leggur mikla áherslu á mataræði og egótúrísma

Hressar
Konurnar voru allar ánægðar með ferðina.



í öllum ferðum. „Að við förum vel með landið og hvernig við hjólum um það.“

Ferðirnar sem Anna Stína býður upp á eru ekki auglýstar fyrir Íslendinga. „En þeir eru velkomnir með og nú stendur til að bjóða upp á ferðir sem heita „Ride with the locals“ þar sem blandað væri saman erlendum og íslenskum ferðalöngum. Ég veit ekki um neinn sem býður upp á slíkar ferðir.“

Auk þess að hjóla með ferðamenn um landið á fjallafjöllum

tilheyrir Anna Stína tíu kvenna ævintýrahópi sem kallar sig Kríurnar. „Við ferðumst saman minnst tvisvar á ári, annars vegar á fjallahjólum og hins vegar á fjallaskíðum. Kríurnar eru 10 ára en árið 2009 fórum við í fyrstu alvöru fjallahjólaferðina þegar við hjóluðum Laugavegin. Að vera í svona hópi og þvælast um landið gefur manni einnig heilmikla reynslu sem ég nýti fyrir fjallahjólaferðirnar mínar.“



Nett fjölnotataeki

MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigeta: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON



ngi í minningunni“



Næturstaður Einn af gististöðunum.



Brottför Hópurinn heldur af stað.



Nagli Konurnar báru hjólin yfir straumhardar ár.



Skemmtilegast Anna Ragnhildur segir ferðina það skemmtilegasta sem hún hefur gert.

GÆÐA BAKKAMATUR

**MISMUNANDI RÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR**

**AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810**



Byrjaði að baka í kjallaranum

Rekur í dag sitt eigið bakarí og kökubúð

„Það hefur verið mikil vinna að komast hingað“

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Þegar Sóley Guðbjörnsdóttir gekk með sitt þriðja barn af fjórum fann hún fyrir tilviljun hvar ástríða hennar lá. Á þeim tíma hafði Sóley bæði rekið veitingahús í Keflavík ásamt því að opna snyrtivöruverslun og starfað við að farða fólk. Leið hennar lá í átt að kökugerð og með mikilli vinnu og hjálp frá eiginmanni sínum og fjölskyldu tókst Sóleyju að uppfylla draum sinn.


„Ég sá bandarískan þátt sem heitir Cakeboss þegar ég gekk með þriðja barnið okkar og þá uppgötvaði ég tertuskreytingar í fyrsta skiptið. Ég byrjaði að gera tilraunir heima og ég elskaði það. Ég elska bæði að baka og skreyta en þess á milli kúri ég með fjölskyldu minni. Ég er algjör vinnualki en ég hef náð að fá fjölskyldu mína til þess að vinna með mér svo ég hitti þau nú líka. Ég er mjög spes og þegar ég var krakki átti ég enga vini. Ég er nýlega greind með ADHD sem útskýrði mjög margt fyrir mér af því að ég hef alltaf viljað gera allt alveg strax, ég hef ekki mikla þolinmæði og er algjör brussa. Ég er glöð yfir að hafa fundið mann sem elskar mig þrátt fyrir það allt saman. Auðvitað geri ég hann oft klikkaðan en hann jafnar sig nú yfirleitt,“ segir Sóley og brosir sínu skærasta.

Stundaði nám ein með tvö börn

Sóley er þrjátíu og átta ára gömul og er gift Marcus Johansson. Fjölskyldan er búsett í Svíþjóð þar sem Sóley rekur bakarí og tekur fólk í kökuskreytingakennslu.

„Ég flutti út til Svíþjóðar með mömmu og pabba þegar ég var fjögurra ára en var á svolitlu flakki á milli Íslands og Svíþjóðar þar til ég varð sextán ára. Þá flutti ég sjálf til Íslands og hitti þar strák sem ég varð ástfangin af. Við eignuðumst barn þegar ég var 18 ára gömul og opnuðum veitingahús í Keflavík. Þegar ég var ólétt að okkar seinna barni árið 2004 fór ég frá honum og flutti aftur til Svíþjóðar. Þá vissi ég ekki alveg hvað ég vildi gera en ég ætlaði að eignast barnið og vera í skóla á meðan ég starfaði í veitingahúsabransanum.“

Eftir að Sóley lauk námi opnaði hún snyrtivöruverslun úti í Svíþjóð og kynntist eiginmanni sínum. Sóley og Marcus urðu fljótt ástfangin og varð hún ólétt að sínu þriðja barni. Þegar Sóley átti barnið ákváðu þau að loka versluninni og fljótlega varð Sóley ólétt aftur og eftir að fjórða barn hennar fæddist ákvað hún að hætta barneignum.



Dekruð af eiginmanninum

„Við keyptum okkur hús saman og ég stofnaði bakarí. Ég byrjaði á því að leigja eldhúsið inni í verslun en svo byggði maðurinn minn bakarí í kjallaranum okkar fyrir mig. Ég hóf þá að kenna tertuskreytingar og fljótlega stækkaði það og ég þurfti að finna mér húsnæði í bænum. Maðurinn minn byggði þá aftur fyrir mig bakarí en í þetta skiptið bættum við við kökubúð,“ segir Sóley og viðurkennir fúslega að eiginmaður hennar dekrei hana mikið.

„Hann hætti í vinnunni sinni til þess að hjálpa mér við búðina og reksturinn. Það hefur verið mikil vinna að komast hingað og fólk vill alltaf fá meira og meira frá manni. Ég þarf líka að læra að segja nei en einmitt



Ég þarf líka að læra að segja nei

núna erum við að byggja kaffihús í búðinni og kostar það auðvitað meiri vinnu. Dóttir mín elsta, sem er tvítug, flutti til Englands en hún hjálpaði mér mikið áður. Í dag hjálpa mamma mín og fjórtán ára sonur minn mér mikið. Ég elska starfið mitt en maður þarf virkilega að gefa sig allan í þetta og þetta er ekki eitthvað sem þú verður ríkur af.“

Kennslumyndböndin eftirsótt

Margt fólk fór að spyrja Sóleyju ráða í gegnum netið og hóf hún þá að taka upp kennslumyndbönd sem hún hefur deilt við góðar undirtektir.

„Ég byrjaði að gera stutt myndbönd eftir að fólk fór að biðja mig um aðstoð við hitt og þetta. Þetta varð mjög vinsælt og fólk fór að biðja um meira. Þar sem ég kenni tertuskreytingar gerði ég bara smá „sneakpeak“

sem sýnir samt ekki of mikið. Um daginn ákvað ég að tala inn á myndband sem ég var að gera því þannig átti ég auðveldara með að útskýra fyrir Íslendingum hvað það var sem ég var að gera. Íslenskan mín er ekki góð og ég er ekki stolt af henni en ég ákvað nú samt að gera það. Vanalega hef ég bara haft tónlist undir. Ég ætla mér að gera fleiri myndbönd og er að reyna að finna leiðir til þess að gera þau betri og flottari, en ég er nú bara einn bakarí.“

Aðspurð út í það hvort hún sakni aldrei Íslands segist Sóley auðvitað bera tilfinningar til landsins en að Svíþjóð sé hennar heimaland.

„Ég sakna auðvitað Íslands en ég hef haft lítinn tíma til þess að koma í heimsókn. Fyrir mér er þetta líka bara annað land af því að ég er uppalin hérna í Svíþjóð. Ég kann minna á hvernig kerfið á Íslandi virkar. En ég hlakka samt til að komast í heimsókn til Íslands og ég hef stundum sagt við manninn minn að við ættum að prófa að flytja þangad einhvern tímann þegar við verðum eldri ... Kannski!“ ■



GJAFIR FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI

hrím

www.hrim.is



Stundar þú ferðapjónustu?










Reisum.is

Hvað getum við
gert fyrir þig?

skoðaðu málið...

www.reisum.is

Helgarkrossgátan

						manaða		týndan	eins um u	5 eins
					snáðar	3				
					pikk		forað			
					2 eins		tvenna blundur			
					númer				storm	
					krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510		ýrir stök			
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð		þegar	kroppi	fugl	nakinn				umdæmið	
lokann									mjög	
þjóð	4				eldstæði			til tappi		
		ræfil kassi				slælega				
lengd					þétt	egndur	skatt			
		2	ættingja þröngva			jökull			borðandi	
áreitt			klínir geimvera			6		farvegur stefna		
		ruður skautin				jullu garm			gjald- miðillinn	
									baksinu	1
	vistola ánetjaðan			slóð	vaktar frá					
brot					bústofn þreytt			grastoppur yl		
samtök		fengur malli						félaga röð		
stúlka	5				rándýrin					
mælti						óra áformar				
		árfeður		2 eins	kemst næga		dani		gyllingu	mjög
fíkn						bik				
	2 eins		grastopp náð			kusk		umfram áflog		
ílát					týnda					
krakka						skrifar				

1	2	3	4	5	6
---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9		5			7	2
7	8					4		
	2		4		9			1
8			9		3			
			5				9	4
		7						
			6			9	4	
3							6	8
2				8				3

Erfið

		9		5			7	2
7	8					4		
	2		4		9			1
8			9		3			
			5				9	4
		7						
			6			9	4	
3							6	8
2				8				3

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurlaug Sigurðardóttir

Ásbraut 13

200 Kópavogi

Lausnarorðið var **SÍMASNÚRA**

Sigurlaug hlýtur að launum bókina Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Medleigjandinn

Tiffany Moore þarf að finna sér ódýra íbúð strax. Leon Twomey á íbúð, vinnur næturvinnu og vantar peninga.

Lausnin blasir við: Leon er í íbúðinni á meðan Tiffany er í vinnunni og þegar hún kemur heim er Leon farinn út. Vinir þeirra halda að þau séu gengin af göflunum en þetta er fráþætt fyrirkomulag – þar til stjórnsamur fyrrverandi kærasti, kröfuharðir skjólstæðingar, fangelsaður bróðir og auðvitað sú staðreynd að þau hafa aldrei hist snýr öllu á hvolf í lífi þeirra.

Höfundar: Berth O'Leary, Halla Sværissdóttir þýddi

ARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

Sumar ástarinnar

■ Svarið er JÁ, treystu því ■ Sumarið er tíminn sem þör segja já

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Það er fátt skemmtilegra á sumrin en að sjá ástfangin þör játa ást sína frammi fyrir hvort öðru, vinum, ættingjum og guði ef að fólk velur það síðastnefnda. Þekkt þör hafa gengið í það heilaga það sem af er sumri. Hér eru talin nokkur þeirra og fram undan í sumar eru fleiri brúðkaup sem verða einnig glæsileg.



Ingibjörg Sveinsdóttir viðskiptafræðingur og **Dýri Kristjánsson**, hagfræðingur og Íþrótttaálfur, giftu sig 25. maí í Frikirkjunni og gaf séra Hjörtur Magni Jóhannsson parið saman. Dýri sýndi listir sínar í veislunni á hestinum. Hjónin nutu síðan hveitibrauðsdaganna á Maldíveyjum.



Alexandra Helga Ívarsdóttir og **Gylfi Þór Sigurðsson**, landsliðsmaður í fótbolta og leikmaður Cardiff, giftu sig 15. júní við Como-vatn á Ítalíu. Ekkert var til sparað og er óhætt að segja að brúðkaupið sé brúðkaup ársins. Glæsivilla var leigð fyrir gestina, en á meðal þeirra var fjöldi leikmanna landsliðsins. Fjöldi skemmtikrafta kom fram, þar á meðal Aron Can, Kaleo og bræðurnir Friðrik Dór og Jón Ragnar Jónssynir. Flugeldum var skotið upp, meistarakokkurinn Þráinn Freyr Vigfússon sá um matinn og skreytingar voru hvítar og fallegar. Hjónin nutu síðan hveitibrauðsdaganna á Maldíveyjum.



Þorbjörg Marinósóttir, fjölmiðlakona og rithöfundur, og **Karl Sigurðsson**, Baggalútur og fyrrverandi borgarfulltrúi, giftu sig 19. september í lítilli villu í Marché-héraði á Ítalíu. Karl bað Tobbu á tónleikum Baggalúts í Háskólabíói í desember 2016 fyrir framan fullan sal af fólki. Brúðkaupið verður lítið og persónulegt og parið afþakkar gjafir. „Svo dýrt að ferðast. Mæting okkar nánustu er besta gjöfin,“ segir Tobba.



Erna Hrönn Ólafsdóttir, söngkona, söngkennari og þáttastjórnandi á útvarpsstöðinni K100, og **Jörundur Kristinsson**, hópstjóri hjá Origo, giftu sig 15. júní. Mikið var um söng í veislunni og vinur hjónakornanna, Friðrik Ómar Hjörleifsson, steig á svið í dragi sem veislustjóri.



Útvarpsmaðurinn góðkenni **Ívar Guðmundsson** og **Dagný Dögg Bæringsdóttir** gifta sig núna um helgina. Ívar birti mynd af parinu laugardaginn 22. júní og skrifar með: „Síðasta helgin í óvígðri sambúð, mikið elska ég þessa konu.“



Linda Björg Árnadóttir, fatahönnuður, eigandi Scintilla og lektor við Listaháskóla Íslands, og **Bárður Sigurgeirsson**, húðlæknir hjá Húðlæknastöðinni, giftu sig 22. júní í Hallgrímskirkju og fór veislan fram í Gamla bíói. Styr, sonur Lindu, gekk með henni inn kirkjugólfid og var veislustjóri ásamt elsta syni Bárðar. Linda klæddist bleikum kjól breska hönnuðarins Roksöndu Ilincic og rauðum skóm.

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



HÍBÝLI
F A S T E I G N A S A L A

Kringlunni 4-6 | 103 Reykjavík | hibyli.is

ERTU Í SÖLU- HUGLEIÐINGUM

Hafðu samband
og við aðstoðum þig

Ingibjörg Þórðardóttir löggiltur fasteignasali s. 864 8800

Þórður S. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Ólafur Már Ólafsson löggiltur fasteignasali s. 865 8515



585 8800

Áratuga reynsla og þekking í fasteignaviðskiptum

SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP



SÓLARFILMUR



**Ráðgjöf
Hönnun
Framleiðsla
Uppsetning**



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is

YFIRHEYRSLAN

Tónlistarmanninn **Bubba Morthens** þarf vart að kynna fyrir lesendum enda hefur hann verið þekktur í íslensku tónlistarlífi síðan á 9. áratugnum. Bubbi hefur lengst af spilað einn á gítar og sungið en hefur þó verið í nokkrum hljómsveitum og muna líklega flestir eftir Utangarðsmönnum og Egó. Í gegnum tíðina hefur Bubbi selt fleiri plötur á Íslandi heldur en nokkur annar tónlistarmaður og hefur hann sungið sig inn í hug og hjörtu margra Íslendinga. Hefur hann verið þekktur fyrir óhefðbundna textasmíð og því að sitja ekki á skoðunum sínum. Á dögunum varð Bubbi 63 ára gamall og situr hann ekki auðum höndum en plata hans, Regnbogastræti, kemur út í ágúst á þessu ári.

Hver var fyrsta vinnan þín?

Fyrsta vinnan mín var að grafa skurdi fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur.

Hvað er besta ráð sem þú hefur fengið?

Draga andann hægt, rólega og djúpt.

Ertu A eða B manneskja?

Ég er A+.

Hver myndi leika þig í kvikmynd?

Bruce Willis!

Hvað finnst þér vera leiðinlegasta húsverkið?

Mér finnst ekkert húsverk leiðinlegt.

Trúir þú á drauga?

Jááá, ég hef séð hluti sem eru skilgreindir kannski sem draugar.

Hvað er það erfiðasta sem þú hefur gert í lífinu?

Að reyna að vera eins og manneskja og gyrða vel og reima skóna.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?

Vera með mínum nánustu.

En leiðinlegast?

Vera einn með sjálfum mér þegar ég er eigingjarn.

Hver er fallegasti staðurinn á landinu?

Já, þarna fórstu nú alveg með það. Þeir eru tveir, það er Kjósinn og svo Laxá í Aðaldal, nessvæðið. Ég get ekki gert upp á milli, það er erfitt. Ég myndi splæsa þá saman. Ef þetta væri lag þá væri þetta erindi og viðlag.

Hvað værir þú að gera ef þú værir ekki tónlistarmaður?

Fornleifafræðingur.

Hver er fyrirmynd þín í lífinu?

Þær eru þrjár. Muhamed Ali, Chaplin, Jesús.

Hverjir eru mannkostir þínir?

Ég er með stórt hjarta, ég er stundvís, ég er heiðarlegur við sjálfan mig, ég er ... Þeir eru margir, ég gæti talið upp helling af finnum mannkostum sem ég hef en það sem kannski gerir mig og ég tel til tekna og ef við súmmum þetta allt inn sko ... Ég er mannlegur.

En lestir?

Þeir eru á pari við kostina, held ég. En þó hefur þeim farið fækkandi með árunum. Ég hef tekist á við þá af einlægni og þar af leiðandi má kannski segja að þeim hefur farið fækkandi. Sumir lestir eru bara DNA. Þeir eru bara þarna og maður reynir að lifa með þeim. En svo eru aðrir sem þú getur svona hrundið af þér ef þú hefur löngun og vilja. Þannig að þetta er svolítið langt svar en engu að síður þá krefst það að því sé svarað svona.

Áttu þér uppáhaldslag af þínum eigin?

Neeei. Þetta er alltaf það sama, þetta er bara þau lög sem ég er að vinna hverju sinni. Núna finnst mér besta platan mín sú sem er að koma út í ágúst. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir skapandi listamann að líta á hlutina svona og upplifa þá svona vegna þess að ef ekki þá myndir þú ekki halda áfram að vera skapandi og frjór. Það sem rekur þig áfram er að þú ert alltaf að leita að einhverju nýju og einhverju sem hvetur þig til dáða. Og þar af leiðandi er Regnbogastræti, platan sem kemur út í ágúst, það finnst mér vera besta platan. Þangað til annað kemur í ljós.

Hvað er fram undan?

Fram undan hjá mér er að fara í laxveiði í Aðaldal á nessvæðinu og síðan ætla ég í frí með fjölskyldunni minni. Síðan er ég að undirbúa útkomu plötu minnar sem kemur út núna í ágúst og svo kemur ljóðabók út í haust.



KÄRCHER



Háprýstidælur



Gufuháprýstidælur



Háprýstistöðvar



Háprýstikerfi



Sópar



Ryksugur



Gólfvottavélar



Ísblástursvélar



Sópar



Ryksugur



Ryksugur



Háprýstidælur



Fjölnotavélar

Borvélar



Power tools

Slípirokkar



Segulkjarnaborvélar



Innréttingar í
bíla og skip



Loftpressukerfi/Loftkútar



Hafið samband við sölumenn okkar:

Ágúst Einarsson

agust@rafver.is

898 2875

Ingólfur Danielsson

ingolfur@rafver.is

895 9048

Ingi Freyr Arnarsson

ingi@rafver.is

899 0119

Blessað barnalán

MYND: FACEBOOK



Elsa María og Þórir Snær

Kvikmyndaparið Elsa María Jakobsdóttir og Þórir Snær Sigurjónsson eiga von á barni.

Elsa María er útskrifuð sem leikstjóri frá Den Danske Filmskole í Kaupmannahöfn, en hún starfaði áður í Kastljósinu hjá RÚV. Þórir Snær er einn eigenda og stofnenda framleiðslufyrirtækisins Zik Zak kvikmyndir og framkvæmdastjóri dreifingar- og framleiðslufyrirtækisins Scanbox.



MYND: INSTAGRAM @ALEXANDRAFANNEY

Hermann og Alexandra

Hermann Hreiðarsson, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, og Alexandra Fanney Jóhannsdóttir flugfreyja eiga von á barni. Párið hefur verið saman í nokkurn tíma og skráðu sig í sambandi á Facebook í ágúst í fyrra.

Párið mætti í brúðkaup hjá vinum sínum í maí og birti Alexandra myndir af þeim á Instagram með orðunum: „Þessi þrjú skemmtu sér konunglega síðustu helgi ásamt dásamlegu fólki. Takk fyrir okkur.“

Alexandra á fyrir einn son og Hermann tvær dætur.



Einar Kára ljóstrar upp öllum atvinnuleyndarmálunum

Hefur þig alltaf dreymt um að vera rithöfundur? Nú getur þú lært af einum vinsælasta rithöfundum þjóðarinnar, Einari Kárasyni, en hann hefur í samstarfi við vefsíðuna Frami.is útbúið vefnámskeið sem skiptist í 16 fyrirlestra.

„Ég er sannfærður um að skriftir liggja misjafnlega fyrir mönnum, eins og það geta ekki allir orðið góðir knattspyrnumenn, en hafi menn metnað á þessu sviði og einbeiti sér þá er mjög margt hægt,“ segir Einar. „Fyrir þá sem hafa metnað og löngun þá er hugmyndin að létta þeim fyrstu skrefin með því að miðla af reynslu, bæði minni og margra annarra. Ég er svona fag-idjót, hef verið lengi í þessu og mjög áhugasamur um til dæmis vinnu annarra höfundu, les ævisögur þeirra og hittu kollega. Það er eitt og annað sem getur auðveldað manni að komast af stað.“

Einar hefur gefið út fjölda metsölubóka á 40 ára ferli, þar á meðal þrífleikinn um Djöflaeyjuna: Þar sem djöflaeyjan rís, Gulleyjan og Fyrirheitna landið. Hann hefur fjórum sinnum verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2008.

Einari var stillt upp fyrir framan tökvél og var hann spurður fjölda vel útfærðra spurninga um þetta helsta, hvað þarf að athuga og hverju þarf að gæta að, til dæmis hvað varðar stíl, sköpun persóna og sjónarhorn.



„Ég sló til þar sem ég hugsaði að ég hefði feginn viljað fá svör við ýmsu þegar ég byrjaði sjálfur frá einhverjum sem var búinn að vera lengur í þessu. Ég hugsaði að líklegt væri að þetta myndi gagnast einhverjum sem væri að byrja,“ segir Einar, sem hefur áður kennt kúrsa í Kvikmyndaskóla Íslands fyrir mörgum árum.

„Ég líri ekki á neinu,“ segir Einar aðspurður um hvort hann ætli að ljóstra upp öllum atvinnuleyndarmálum sínum og spurður hvort hann sé ekki hræddur við samkeppni svarar hann: „Það er nóg pláss og það þarf að vera endurnýjun í þessu.“ ■

Svanurinn á tilboði*

FRITZ HANSEN



HÖNNUN: ARNE JACOBSEN

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

Verð: 449.000.-

Tilboðsverð: **379.900.-**



* Tilboðið gildir frá 1. maí - 1. september 2019 · Áklæði: Christianshavn - 26 möguleikar á litum